GKG

# ÁRSRIT 2019





# TRAUST Á OKKUR SKILAR SIGRUM

**#1 Í FJÖLDA LEIKMANNA 2019**

| | |
|---|---|
| Titleist | 24,290 |
| Næsti samkeppnisaðili | 3,060 |

**#1 Í FJÖLDA SIGRA 2019**

| | |
|---|---|
| Titleist | 175 |
| Næsti samkeppnisaðili | 35 |




Source: Darrell Survey, Sports Marketing Surveys Inc. Based upon results through 19/11/19 on the U.S. PGA, European, U.S. LPGA, Champions, Korn Ferry, South African, Asian, Korean, OneAsia, Australasian, Japan and Canadian PGA Tours.

Titleist
#1 ball in golf.



**Guðmundur formaður GKG**

***Ágætu félagar!***

Ég leyfi mér að segja, að núverandi rekstrarár 2019, sé eitt besta ár í sögu GKG. Þetta er 26. starfsárið okkar og því má segja að klúbburinn hafi nú slitið barnsskónum. En hvað er það sem gerir þetta ár svona gott? Það eru 4 atriði sem standa upp úr:

• Við erum komin með glæsilegasta golfskála landsins, sem hefur gjörbreytt allri okkar aðstöðu og ekki síst hefur hann gefið okkur möguleika á að efla allt félagsstarf innan klúbbsins. Við sögðum alltaf á byggingatímanum að um leið og skálinn yrði fullbyggður, þá fyrst færi félagstarfið að blómstra og það hefur sannarlega gerst. En hlutirnir eru fljótir að breytast, því þessi 1630 fermetra skáli er þegar orðinn of lítill og því er nú hafin stækkun á honum um 820 fermetra. Það á sér sérstaka skýringu.

• Árangur okkar fólks í golfíþróttinni hefur aldrei verið betri en á þessu ári og gildir þá einu hvort miðað er við árangur okkar fólks bæði innanlands og utan. Má þar nefna glæsilega sigra á Íslandsmeistaramótinu í sveitakeppni golfklúbba, bæði karla og kvenna. Báðar þessar sveitir kepptu síðan á EM og stóðu sig með miklum glæsibrag. Þá voru tvær konur úr GKG í sveit Íslands í 50+, sem náðu 3. sæti á EM.

• Þá hefur vallarnefnd ásamt stjórn og starfsmönnum okkar lagt mikla vinnu í að endurskoða allar merkingar á völlunum og ekki síður allar aðkomuleiðir, bæði að skála og völlum. Þá hafa menn verið að skoða byggingu á ræsishúsi á 1. teig Leirdalsvallar o.fl.

• Okkur hefur tekist að reka klúbbinn á grænum tölum þetta árið, en það er alls ekki sjálfgefið. Þar á framkvæmdastjórinn okkar mestan heiðurinn.

Því er hins vegar ekki að leyna og veldur okkur miklum áhyggjum, að félögum hefur fækkað um 71 á árinu. Hvernig má þetta vera? Þetta er eitthvað sem við öll verðum að taka alvarlega. Árgjöld félaga er stærsti tekjustofn okkar og ef hann dregst saman verður allur rekstur erfiðari, sem bitnar fyrst og fremst á viðhaldi og fjárfestingum. Ég skora á alla félaga í GKG að hjálpa okkur að fá nýja félaga strax á næsta ári. Oft hefur verið þörf en nú er nauðsyn.

## Stjórn GKG



Efri röð frá vinstri:
Agnar Már Jónsson framkvæmdastjóri,
Sigmundur Einar Másson, meðstjórnandi, Einar Gunnar Guðmundsson, meðstjórnandi, Jón K. Baldursson, meðstjórnandi, Ingibjörg Þ. Ólafsdóttir, meðstjórnandi og Gunnar Jónsson, meðstjórnandi.
Neðri röð: Ragnheiður Stephensen, ritari, Þorgerður Jóhannsdóttir, varaformaður, Guðmundur Oddsson, formaður og Sigurður Kristinn Egilsson, gjaldkeri.

## EFNISYFIRLIT


4. Skýrsla stjórnar
8. Stjórn og nefndir
9. Skipting félagsmanna
10. Íþróttasvið
19. Kvennanefnd
22. Mótanefnd
26. Úrslit Meistaramóts 2019
29. Golfhermar
31. GKG-ingurinn
32. Nýting valla
33. Öldungar 65+
35. Vallarstjóri
39. Vallarnefnd
40. Áritun stjórnar
41. Áritun óháðs endurskoðanda
44 - 45. Rekstraryfirlit og Efnahagsreikningur
46. Sjóðstreymi
48. Líflegur golfklúbbur (myndir)
50. Klúbbmeistarar 2019



**Agnar Már Jónsson**
framkvæmdastjóri GKG
agnar@gkg.is





**Ársrit GKG 2019**
Útgefandi: Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar.
Ábyrgðarmaður: Agnar Már Jónsson.
Umbrot: Sigurður Hlöðversson.
Ljósmyndir: Agnar Már Jónsson, Guðmundur Árni Gunnarsson og myndir frá félagsmönnum.
Prentun: Svansprent.



## Stjórnarstörf

Eftir síðasta aðalfund, sem haldinn var 29. nóvember 2018, var stjórn GKG svona skipuð:

**Guðmundur Oddsson, formaður**
**Þorgerður Jóhannsdóttir, varaformaður**
**Ragnheiður Stephensen, ritari**
**Sigurður Kristinn Egilsson, gjaldkeri**
**Einar Gunnar Guðmundsson, meðstjórnandi**
**Gunnar Jónsson, meðstjórnandi**
**Ingibjörg Þ. Ólafsdóttir, meðstjórnandi**
**Jón K. Baldursson, meðstjórnandi**
**Sigmundur Einar Másson, meðstjórnandi**

Stjórnin hélt 9 bókaða fundi á starfsárinu. Þar að auki var haldinn 120 manna félagsfundur hinn 11. apríl. Stjórnin skipaði formann, gjaldkera og framkvæmdastjóra í samninganefnd við Garðabæ vegna breytinga sem verið er að gera á athafnasvæði GKG. Nefndin hefur haldið nokkra fundi og má segja að málin þokist áfram í góðum anda. Stjórnarmenn gegna formennsku í hinum ýmsu nefndum á vegum klúbbsins og þannig fylgjast þeir náið með allri starfsemi klúbbsins.

## Starfsfólk

Það er gæfa okkar að hafa samhenta og trausta lykilstarfsmenn, sem hafa verið kjölfestan í rekstri klúbbsins undanfarin ár:

- Agnar Már Jónsson framkvæmdastjóri frá 2012
- Guðmundur Árni Gunnarsson vallarstjóri frá 2001
- Úlfar Jónsson íþróttastjóri frá 2004
- Guðrún Helgadóttir skrifstofustjóri frá 2010
- Guðni Þorsteinn Guðjónsson aðstoðarvallarstjóri frá 2018
- Hafsteinn Eyvindsson vélamaður frá 2010
- Fannar Aron Hafsteinsson verslunarstjóri frá 2019
- Andrés Guðmundsson þúsund þjalasmiður frá 2016
- Arnar Már Ólafsson afreksþjálfari frá 2019
- Ástrós Arnarsdóttir þjálfari og skrifstofumaður frá 1. nóv. 2019
- Andrés Jón Davíðsson þjálfari hefur störf 1.jan. 2020

Þá hafa þeir Haukur Már Ólafsson, Sindri Snær Skarphéðinsson og Yngvi Sigurjónsson hætt störfum og horfið til annarra starfa. Við þökkum þeim öllum fyrir ánægjulegt samstarf Það er alltaf eftirsjá af góðu starfsfólki. Vignir Hlöðversson hefur séð um veitingarekstur frá því síðla árs 2016 og verður vonandi áfram svo lengi sem hann hefur nennu til. Á sumrin bætist verulega í starfsmannahópinn hjá okkur og lætur nærri að þeir séu á mill 50 og 60 þegar best lætur.

## Félagar í GKG

Árið 2019 eru 1815 skráðir í GKG, sem er svipaður fjöldi og var árið áður. Auk þess eru 238 börn sem ekki greiða félagsgjöld og er það aðeins fækkun frá fyrra ári. Í ár eru 1088 fullborgandi félagar og að auki 89 á aldrinum 19 – 25 ára, sem borga nokkru lægra árgjald. Ellismellir eru nú 244 en voru 248 í fyrra, en nokkur fækkun hefur orðið í aldurshópnum 11 – 18 ára frá fyrra ári, en þeir eru nú 241 en voru 273. Karlar eru 67, 2% en konur eða 32, 8%. Þessi kynjamunur er óviðunandi á tímum jafnréttis og því augljóst

að við verðum að laða fleiri konur í klúbbinn. Við höfum oft talað um það að æskilegt sé að fullborgandi félagar séu um 1300 og því höfum við pláss fyrir rúmlega 100 til viðbótar. Á hverju ári verða nokkrar breytingar á félagaskránni og nú í nokkur ár hafa um 15% félaga hætt á hverju ári, en sem betur fer hefur nánast sami fjöldi komið í staðinn.

## Félagsstarfið

Með tilkomu skálans hafa opnast ýmsir möguleikar fyrir félagsmenn til að efla félagsstarfið. Við héldum þorrablót, þar sem um 80 félagsmenn mættu, og gæddu sér á gömlum og góðum þorramat. Eins héldum við félagsvist undir öruggri stjórn Einars Gunnars. Kvennanefndin hefur starfað af miklum dugnaði undir stjórn Þorgerðar Jóhannsdóttur. Konurnar hafa verið með ýmis mót og aðrar uppákomur, sem er mjög til fyrirmyndar og hefur dugnaður þeirra vakið athygli hjá öðrum Klúbbum. Eins hefur starf eldri kylfinga verið mjög kröftugt undir stjórn Hrefnu Sigurðardóttur. Þá er komin nokkur festa í skipulagðar golfferðir á vegum GKG, en reynt er að fara tvær ferðir á ári, bæði vor og haust. Við höfum farið til Búlgaríu, Póllands, Portúgals og nú í haust var farið til Spánar. Um 40 – 60 manns hafa verið í hverri fer og er næsta ferð ákveðin á komandi vori. Það er mikil gleði og ánægja með þessar ferðir og því er bara að fylgjast vel með, því fyrstir koma og fyrstir fá.

## Vellir GKG

Vellirnir okkar, Mýrin og Leirdalurinn, eru jú það sem allt snýst um og því er það grundvallaratriði að þeir séu ávallt í sem bestu ástandi. Vitaskuld ræður tíðarfarið miklu um ástand þeirra. Síðasta sumar var veðurfarslega mjög gott og því blómstruðu vellirnir sem aldrei fyrr. Okkar vallarstarfsmenn unnu ötullega að því að bæta og fegra ýmsilegt á völlunum, sem félagsmenn kunna vel að meta. Smíðaðar voru tröppur á nokkra teiga auk þess sem nýir teigar voru teknir í notkun, en hugur okkar stendur til að áframhald verði á alls konar lagfæringum vallanna á komandi árum.
Alls voru spilaðir 66.042 hringir á völlunum í sumar, en voru 50.100 árið 2018. Spiluðum hringjum fjölgaði því um 32%. Á Mýrinni voru leiknir 34.005 hringir, en 32.037 á Leirdalnum.

## Vinavellir

Á þessu starfsári hafa félagar getað farið á 15 vinavelli. Vellirnir eru á Hellu, Álftanesi, Akranesi, Keflavík, Grindavík, Borgarnesi, Selfossi, Sandgerði, Glanni, Brautarholt, Dalvík, Akureyri, Geysir,Hveragerði og Suðurnes. Afsláttarkjör félagsmanna GKG er nokkuð mismunandi eftir völlum, en nánari upplýsingar um afsláttarkjörin eru á heimasíðu GKG. Á þessu ári greiddi GKG 1,7 milljón króna vegna þessa, en það er svipuð upphæð og á síðasta ári. Engin ákvörðun hefur verið tekin varðandi næsta ár, en gera má ráð fyrir áframhaldi á þessum samskiptum.

## Viðræður við Garðabæ

Eins og allir vita þá hefur Garðabær ákveðið að taka nokkurn hluta af því athafnasvæði sem GKG hefur haft til umráða undir sína starfsemi. Þessar breytingar voru kynntar félagsmönnum GKG á almennum félagsfundi hinn 1. feb. 2018. Þó þessar breytingar á aðstöðunni hafi komið okkur nokkuð á óvart var það einróma ákvörðun stjórnar að fara í viðræðurnar við Garðabæ með opnum huga, líta á þær sem tækifæri fremur en ógn og leiða fram sem besta niðurstöðu fyrir GKG. Strax varð ljóst, að Mýrin myndi hverfa á næstu árum og eins myndi núverandi útiæfingasvæði hverfa. Við höfum allan tímann lagt áherslu á að nauðsynlegt væri að fá heildaskipulag golfvallanna og ekki síst hvaða land stæði okkur til boða. Þá var strax farið að skoða hvaða möguleikar væru á að fá æfingasvæði sem fyrst. Niðurstan varð sú að við opnuðum bráðabirgðaútiæfingasvæðið (fiskabúrið) í byrjun maí s.l. Í framhaldinu hófust samningaviðræður um stækkun skálans til vesturs. Helgi Már Halldórsson arkitekt teiknaði viðbygginguna og var samningur milli Garðabæjar og GKG um bygginguna undirritaður 26. september s.l.
Í 1. gr. samningsins segir m.a. „Garðabær hefur lýst því yfir, að skerðingar á athafnasvæði GKG verði bættar að fullu þannig að aðstaða klúbbsins og félagsmanna til golfiðkunar verði ekki lakari eftir framkvæmdir en fyrir, GKG að kostnaðarlausu“.
Í 3. gr. samningsins segir m.a. „Heildarstærð viðbyggingar er um 800 ferm. á einni hæð. Á svæðinu verða 16 nýir golfhermar,






**Einkakennsla**
hjá PGA kennara GKG
30 mín. kennslutími
með Trackman
**kr. 7.500** per skipti.
30 mín. kennslutími
án Trackman
**kr. 6.000** per skipti.
Einstaklingsmiðuð kennsla.

**Hópnámskeið**
hjá PGA kennara
4 x 1 klst.
hjá PGA kennara,
**kr. 14.000.**
Hámark 5 manns í hópi.
Fámennur hópur tryggir
persónulega nálgun.

# GOLFAKADEMÍA GKG

Kort í Trackman æfinga- og golfhermi
**5 x 30 mín. kr. 10.000**
**10 x 30 mín. kr. 20.000**




Inneignarkort sem hægt er að
ráðstafa að eigin vali hjá GKG
kr. 10.000 eða hærra eftir óskum.

**PGA kennarar GKG**


Andrés Davíðs


Gulli Elsu


Hlöðver

**Pantanir og nánari upplýsingar eru hjá íþróttastjóra GKG, Úlfari Jónssyni, ulfar@gkg.is eða 8629204.**



púttsvæði, þjónustu-og veitingasvæði. Æfingaaðstaðan mun nýtast börnum og unglingum sem stunda skipulagðar golfæfingar á vegum GKG afrekskylfingum klúbbsins og almennum félagsmönnum, utan þess tíma sem skipulagðar og reglubundnar æfingar fara fram“.
Í 4. gr. samningsins segir m.a. „Áætlaður heildarkostnaður vegna viðbyggingarinnar er um 375 milljónir króna miðað við verðlag í apríl 2019. Greiðslum vegna verksins skal dreift á árin 2019 – 2023“.
Með undirritun þessa samnings og viðbyggingunni við skálann er lokið mikilvægum áfanga í uppbyggingaferlinu hjá GKG og er næsta verkefni þegar komið á dagskrá, en það er bygging nýja vallarins. Ég vil því á þessarri stundu færa bæjaryfirvöldum í Garðabæ bestu þakkir fyrir velvilja í okkar garð og ber fullt traust til þeirra um farsæl lok á öllu þessu uppbyggingaferli GKG.

## Golfsumarið 2019

Meistaramót GKG var haldið í 26. sinn í sumar og urðu þau Anna Júlía Ólafsdóttir og Ragnar Már Garðarsson klúbbmeistarar. Árangur GKG í landsmótum var glæsilegur og náðust 7 Íslandsmeistaratitlar, sem er með því besta í sögu klúbbsins. En hæst ber tvöfaldur sigur A sveita okkar í Íslandsmóti golfklúbba karla og kvenna. Með þessum sigrum fengum við þátttökurétt í Evrópumótum klúbbliða karla og kvenna og stóð okkar fólk sig frábærlega. Karlasveitin hafnaði í 2. sæti sem jafnar besta árangur íslenskts liðs í keppninni. Kvennasveiti hafnaði í 7. sæti og sigraði Hulda Clara í einstaklingskeppninni, fyrst íslenskra kvenna til að afreka það.
Með tilkomu golfhermanna aukast mjög tækifæri til æfinga allt árið. GKG hefur í gegnum árin verið með öflugasta unglingastarfið á landinu og við erum staðráðin í að halda þeirri stöðu áfram. Í sumar voru tæplega 300 börn á leikjanámskeiðum hjá okkur og er það nokkru færra en síðasta ár. Það er dálítið merkilegt að skoða kynjahlutfallið á þessum námskeiðum, en þar eru stelpur um 30%, sem er svipað og hlutur kvenna í klúbbnum. Ef við ætlum að auka hlut kvenna í klúbbnum, þá verðum við að glæða áhuga stelpna strax og þær koma á námskeiðin. Um 46% krakka koma úr Kópavogi á námskeiðin en 39% eru úr Garðabæ.

## Fjármálin

Heildarrekstrartekjur á starfsárinu 2019 numu 294 m.kr., þar af voru félagsgjöld 152 m.kr. Heildarrekstrarútgjöld námu 258 m.kr. og því var EBITDA hagnaður klúbbsins 36 m.kr. sem er 8 milljónum króna meiri hagnaður en 2018. Afskriftir voru rúmar 17 m.kr. og fjármagnsliðir voru tæpar 18 m.kr. og því er rekstrarhagnaður klúbbsins tæp milljón.
Það er visst áhyggjuefni að félögum í klúbbnum fækkaði á árinu. Félagsgjöldin eru mikilvægasti tekjuliðurinn eða 52% af rekstrartekjunum. Gott sumar leiddi af sér að töluverð aukning varð á öðrum tekjum eins og vallargjöldum, leigu golfbíla o.fl. Jafnframt eru aðrar tekjur farnar að styrkja rekstur klúbbsins og vegur þar þyngst útleiga á golfhermunum. Vellirnir okkar voru frábærir í sumar og hafa fengið gott umtal meðal þeirra gesta sem heimsóttu okkur. Það er síðan farið að skila okkur fleiri umsóknum í klúbbinn, því förum við bjartsýn inn í nýtt rekstrarár.

## Lokaorð

Það er ljóst við lestur þessa ársrits að starfsemi GKG er orðin býsna umfangsmikil. Við erum með marga starfsmenn sem allir stefna að sama marki, þ.e. að efla og bæta klúbbinn okkar. Öllu þessu fólki vil ég fyrir hönd stjórnar GKG þakka fyrir samstarfið. Þó við séum ánægð með starfið á þessu starfsári megum við í engu slaka á næstu árin. Verkefnin eru næg og það er gaman að segja frá því, að nú í lok þessa árs munum við opna gjörbreytta aðstöðu fyrir okkar félagsmenn í Kórnum. Þar er verið að koma fyrir 6 nýjum golfhermum auk þess sem rýmið sem við höfum þar verður „poppað upp“. Það var í janúar 2009 sem GKG og Kópavogsbær gerðu samning um þetta húsnæði og mun Kópavogsbær sjá um greiðslu kostnaðar vegna breytinganna. Hafi þeir bestu þakkir fyrir. Hönnun nýja golfvallarins er nú komin á fullt og sýnist okkur sem við munum fá mjög spennandi völl, sem að hluta til gæti orðið skógarvöllur. Þá bíður bygging á nýju áhaldahúsi, en þörfin fyrir það er orðin mjög brýn. Það eru því næg verkefni framundan hjá GKG.

Guðmundur Oddsson,
formaður.



## Stjórn og nefndir 2019

**Formaður**
Guðmundur Oddsson
**Varaformaður**
Þorgerður Jóhannsdóttir
**Gjaldkeri**
Sigurður Kristinn Egilsson
**Ritari**
Ragnheiður Stephensen
**Meðstjórnendur**
Gunnar Jónsson
Jón K. Baldursson
Einar Gunnar Guðmundsson
Sigmundur Einar Másson
Ingibjörg Þ. Ólafsdóttir
**Framkvæmdastjóri**
Agnar Már Jónsson
**Skrifstofustjóri**
Guðrún Helgadóttir
**Vallarstjóri**
Guðmundur Árni Gunnarsson
**Aðstoðarvallarstjóri**
Guðni Þorsteinn Guðjónsson
**Íþróttastjóri/PGA kennari**
Úlfar Jónsson
**Afreksþjálfari/PGA kennari**
Arnar Már Ólafsson
**Unglingaþjálfari/PGA kennari**
Haukur Már Ólafsson
**Aganefnd**
Bergþóra Sigmundsdóttir (formaður)
Ragnheiður Stephensen
Bergsveinn Þórarinsson
**Forgjafarnefnd**
Kjartan Bjarnason (formaður)
Sæmundur Melsted
Bergveinn Þórarinsson
Þorgrímur Björnsson

**Íþróttanefnd**
Sigmundur Einar Másson (formaður)
Gestur Þórisson
Helga Þorvaldsdóttir
**Kvennanefnd**
Þorgerður Jóhannsdóttir formaður
Heiða Jóna Hauksdóttir varaformaður
Sunna Hlín Gunnlaugsdóttir gjaldkeri
Inga Birna Einarsdóttir ritari
Ásta Kristín Valgarðsdóttir samskiptamiðlar
Meðstjórnendur
Arndís Berndsen
Fjóla Rós Magnúsdóttir
Kristín Kristmundsdóttir
Sólveig Smith
**Kynningarnefnd**
Sigurður Hlöðversson
**Öldunganefnd**
Hrefna Sigurðardóttir (formaður)
Atli Ágústsson
Randver Ármannsson
Örn Eyjólfsson
Svandís Bjarnadóttir
**Vallarnefnd**
Sigurður Kr. Egilsson (formaður)
Björgvin Smári Kristjánsson
Einar Þorsteinsson
Elísabet Böðvarsdóttir
Guðmundur Á. Gunnarsson
Guðni Þorsteinn Guðjónsson
Sigurfinnur Sigurjónsson
**Viðburðarnefnd**
Ingibjörg Þ Ólafsdóttir (formaður)
Guðrún Jóhanna Benediktsdóttir
Björn Steinar Stefánsson
Einar Gunnar Guðmundsson

**Mótanefnd**
Jón K Baldursson (formaður)
Atli Ágústsson
Bergsveinn Þórarinsson
Björn Steinar Stefánsson
Dröfn Eyjólfsdóttir
Eggert Ólafsson
Einar Gunnar Guðmundsson
Einar Vignir Hansson
Elísabet S Arndal
Eva Yngvadóttir
Gunnar Árnason
Guðbjartur Haraldsson
Guðjón Kolbeinsson
Guðmundur Guðbjörnsson
Guðrún Jóhanna Benediktsdóttir
Haukur Hermannsson
Heimir Jón Guðjónsson
Helga Sigurgeirsdóttir
Helgi Már Halldórsson
Ingibjörg Ólafsdóttir
Ingibjörg Steinþórsdóttir
Jóhanna Ríkey Sigurðardóttir
Jónína Pálsdóttir
Jörundur Þórðarson
Kjartan Bjarnason
Kristrún Sigurðardóttir
Ólafur Arnar Kristjánsson
Ólöf Ásgeirsdóttir
Sigurður Ásgeir Ólafsson
Sigurjón Sigurjónsson
Sóley Gyða Jörundsdóttir
Sæmundur Melstað
Valgerður Ólafsdóttir
Þorgrímur Björnsson




**Búseta félagsmanna í lok starfsárs 2019**




**Aldursskipting félaga í lok starfsárs 2019**




**Kynjaskipting félagsmanna í lok starfsárs 2019 Allir félagsmenn**



# Skýrsla íþróttasviðs GKG vegna 2019

Markmið barna- og unglingastarfs GKG: að halda utan um og efla barna- og unglingastarf klúbbsins. Í samræmi við það eru meginmarkmið þessi:

- Að veita ungum kylfingum í GKG, afreksmönnum jafnt og þeim sem skemmra eru á veg komnir, aðbúnað og atlæti sem jafnast á við það sem best gerist hjá öðrum golfklúbbum.
- Að styðja eftir föngum við bakið á íþróttastjóra og þjálfurum í því skyni að þeir megi ná sínum markmiðum.
- Að efla samstöðu ungu kylfinganna og félagsanda.
- Að efla samstöðu foreldra ungu kylfinganna og fá fleiri til þátttöku í því að búa þeim gott atlæti við ástundun íþróttarinnar.
- Að leita ráða til þess að fjölga stúlkum sem leika golf.
- Að tryggja öflugt upplýsingaflæði til foreldra og barna í því skyni að auka þátttöku þeirra enn.
- Að fjölga keppendum frá GKG á unglingamótum GSÍ og unglingamótaröð GKG.

## Íþróttanefnd skipa:

Sigmundur Einar Másson, formaður
Gestur Þórisson
Helga Þorvaldsdóttir

## PGA þjálfarar:

Arnar Már Ólafsson, afreksþjálfari
Haukur Már Ólafsson barna/unglingaþjálfari
Hlöðver Guðnason námskeið/einkakennsla
Gunnlaugur Elsuson námskeið/einkakennsla
Úlfar Jónsson íþróttastjóri

## Aðstoðarleiðbeinendur:

Sumaræfingar:
Aron Snær Júlíusson
Gunnar Blöndahl Guðmundsson
Viktor Snær Ívarsson

Golfleikjanámskeið:
Dagur Þórhallsson
Hjalti Hlíðberg
Ingi Rúnar Birgisson
Jón Gunnarsson
Kristján Jökull Marinósson
Magnús Friðrik Helgason
Magnús Yngvi Sigsteinsson
María Björk Pálsdóttir
Óliver Máni Scheving
Sindri Snær Kristófersson
Viktor Markusson Klinger
Viktor Snær Ívarsson





Sigursveitir GKG í karla- og kvennaflokki Íslandsmóti golfklúbba 2019

# HREINSI

Traust ✦ Gleði ✦ Hreinlæti ✦ Þjónusta

## RÆSTINGAR

FYRIR ÞÁ SEM VILJA AÐEINS MEIRA

564-6005 - WWW.HREINSI.IS - HREINSI@HREINSI.IS

FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA Í HVERT SKIPTI!

HREINT FYRIRTÆKI ER HEILBRIGT FYRIRTÆKI - HAFÐU SAMBAND!

VIÐ KOMUM Á STAÐINN, METUM ÞÖRFINA OG GERUM ÞÉR TILBOÐ




thekking.is
460 3100

Akureyri
Hafnarstræti 93–95

Kópavogur
Urðarhvarfi 6

ISO 27001 vottað fyrirtæki

ÞEKKING




## Barna- og unglingastarf

Líkt og undanfarin ár þá státar GKG lang fjölmennasta barna- og unglingastarfi golfklúbba landsins, þrátt fyrir færri iðkendur í ár en í fyrra. Hér fyrir neðan má sjá fjölda skráðra iðkenda á æfingum í GKG 18 ára og yngri. Inni í þessum tölum eru börn sem taka þátt í golfleikjanámskeiðum GKG, en þau fá takmarkaða félagsaðild.

**Taflan sýnir fjölda skráðra iðkenda sem taka þátt í félagsæfingum GKG yfir sumarið (júní – september).**







Taflan sýnir fjölda skráðra iðkenda sem taka þátt í vetraræfingum GKG (nóvember – júní).

## Golfleikjanámskeið GKG

Ákveðið var að takmarka fjölda sæta sem boðið var upp á þetta árið. Fyrst og fremst til að auka gæði námskeiðanna en einnig voru færri leiðbeinendur þetta árið. Að auki var boðið upp á námskeið í 7 vikur í stað 8 vikna undanfarin ár. Þeim iðkendum sem ekki komust að hjá okkur var beint til GO sem bauð einnig upp á námskeið, og gafst það vel og má vænta að allir sem vildu prófa golf í sumar gátu það, sem er aðalatriðið.

**Við fundum mikinn mun á ánægju iðkenda og foreldra og hafa aldrei jafn mörg börn haldið áfram og byrjað í kjölfarið að æfa hjá okkur á sumaræfingum.**

Golfleikjanámskeiðin eru mjög mikilvæg fyrir nýliðun í golfíþróttinni. Fyrir flesta er þetta fyrsta kynning af golfi og því mikilvægt að vel sé tekið á móti krökkunum og þeim sinnt vel.

Taflan hér fyrir neðan sýnir fjölda á golfleikjanámskeiðum GKG undanfarin fjögur ár.




Öflugt barna- og unglingastarf er forsenda endurnýjunar í íþróttinni og heilbrigðs reksturs í framtíðinni. GKG einsetur sér að halda forystu í barna- og unglingastarfi og leita áfram leiða til þess að laða að og halda börnum og unglingum í golfi.

## Keppnir barna- og unglinga

Við leggjum áherslu á að krakkarnir geti nálgast íþróttina á eigin forsendum. Sumir vilja mæta á æfingar og stunda þegar þeim hentar, meðan aðrir hafa brennandi áhuga og metnað til að ná langt. Við bjóðum upp á umgjörð sem sinnir hvoru tveggja. Við hvetjum krakkana til þátttöku í keppnum en gætum þess að þau fái verkefni við hæfi. Líkt og undanfarin ár vorum við með tvær mótaraðir, Floridana mótaröð byrjenda í Mýrinni og Egils Kristals unglingamótaröðina fyrir vanari unglingana á Leirdalsvelli. Floridana mótaröðin er mikilvæg fyrir fyrstu skrefin í keppni þar sem lögð er áhersla á afslappað andrúmsloft og að þau njóti sín að spila í góðum félagsskap. Á þessum vettvangi læra þau að fara eftir helstu golf- og siðareglum, halda skor osfrv. Um 70 krakkar tóku þátt í a.m.k. einu móti í sumar í Floridana mótaröðinni.

Þegar krakkarnir hafa tekið þátt í Kristals mótaröðinni nokkrum sinnum þá beinum við þeim í Áskorendamótaröð GSÍ, sem eru 18 holu mót, og loks Íslandsbankamótaröðina, sem eru 36-54 holu mót leikin á tveimur til þremur dögum, ætluð forgjafarlægstu börnum og unglingum.

Eins og sést á stöplaritinu þá á GKG flesta þátttakendur á Íslandsbankamótaröð unglinga - “Þar sem stjörnur verða til”, en eitt af markmiðum okkar hefur verið að hafa sem breiðastan hóp keppenda í öllum mótaröðum.


Titleist




Hér fyrir neðan má sjá verðlaunayfirlit fyrir Íslandsbankamótaröð unglinga, en GKG náði flestum gullverðlaunum árið 2019.




Loks sjáum við hér skiptingu verðlauna í öllum Íslandsmótum ársins á mótaröðum unglinga og fullorðinna, einstaklinga og liða.




## Afreksstarf GKG

Hápunktur sumarsins var A-sveitir GKG náðu þeim stórkostlega árangri að sigra á Íslandsmóti golfklúbba í karla- og kvennaflokki. Þetta var í sjötta sinn sem GKG sigrar í karlaflokki og í annað sinn í kvennaflokki. Með þessu afreki tryggðu sveitirnar sér þátttökurétt á Evrópumótum klúbbliða, konurnar kepptu í Ungverjalandi og karlarnir í Frakklandi. Í báðum keppnum náðist frábær árangur en Hulda Clara Gestsdóttir gerði sér lítið fyrir og sigraði í einstaklingskeppninni, fyrst íslenskra kvenna. Sveitina skipuðu ásamt Huldu systir hennar Eva María og Árný Eik Dagsdóttir og náðu þær virkilega flottum árangri og höfnuðu í 7. sæti.

Karlasveitin var skipuð þeim Aroni Snæ Júlíussyni og bræðrunum Ragnari Má og Sigurði Arnari Garðarssonum. Strákarnir léku frábært golf og tryggðu GKG annað sætið í mótinu, sem jafnaði besta árangur íslenskts liðs í þessu sterka móti þar sem aðeins landsmeistarar klúbba fá þátttökurétt.



Frá vinstri: Arnar Már, Hulda Clara, Eva María, Árný Eik

## Þátttaka í Q-school fyrir Evrópumótaröðina

Þeir Aron Snær og Ragnar Már tóku þátt í fyrsta stigi úrtökumótsins fyrir evrópsku mótaröðina (European Tour), en báðir hafa verið í íslenska landsliðinu á undanförnum árum og stefna alla leið á mótaraðir þeirra bestu í heiminum. Því miður gekk þessi atlaga ekki í þetta skiptið en margir kunnir kappar hafa þurft að banka oft áður komist hafa inn á mótaröðina. Aron Snær tók í framhaldinu þátt í úrtökumóti fyrir Nordic League mótaröðina og komst þar inn þannig að hann hefur þátttökurétt á næsta ári í 3. deild atvinnumanna.




Frá vinstri: Aron Snær, Ragnar Már og Sigurður Arnar

**Uppskera afrekskylfinga okkar árið 2019 er með því besta í sögu klúbbsins, með tilliti til fjölda Íslandsmeistaratitla.**

## Íslandsmeistaratitlar

Alls lönduðu GKG kylfingar sjö Íslandsmeistaratitlum (fjórum árið 2018).

## Íslandsmeistari í holukeppni 14 ára og yngri

Markús Marelsson

## Íslandsmeistari í höggleik 14 ára og yngri

Gunnlaugur Árni Sveinsson

## Íslandsmeistari í holukeppni og höggleik 15-16 ára stúlkna

Eva María Gestsdóttir

## Íslandsmeistari í höggleik 17-18 ára pilta

Sigurður Arnar Garðarsson

## Íslandsmeistarar golfklúbba í 1. deild

Karlasveit: Aron Snær Júlíusson; Birgir Leifur Hafþórsson, Hlynur Bergsson, Jón Gunnarsson, Kristófer Orri Þórðarson, Ólafur Björn Loftsson, Ragnar Már Garðarsson, Sigurður Arnar Garðarsson. Arnar Már Ólafsson, þjálfari.

## Landsliðssæti

Aron Snær Júlíusson, EM karlalandslið í Svíþjóð
Hulda Clara Gestsdóttir, EM kvennalandslið á Ítalíu
Jón Gunnarsson, EM piltalandslið í Frakklandi
Árný Eik Dagsdóttir, EM stúlknalandslið á Spáni
Eva María Gestsdóttir, EM stúlknalandslið á Spáni

## Viðurkenningar veittar á uppskeruhátíð barna- og unglingastarfs

Mestu framfarir pilta: Guðjón Frans Halldórsson
Mestu framfarir stúlkna: Gunnhildur Hekla Gunnarsdóttir
Efnilegastur pilta (mesta bæting í mótum milli ára): Markús Marelsson
Efnilegust stúlkna (mesta bæting í mótum milli ára): Karen Lind Stefánsdóttir
Verðlaun fyrir framúrskarandi árangur pilta (kylfingur ársins): Sigurður Arnar Garðarsson
Verðlaun fyrir framúrskarandi árangur stúlkna (kylfingur ársins): Hulda Clara Gestsdóttir



**Réttsælis: Árný Eik, Eva María, Hulda Clara, Aron Snær og Jón.**

Kvennasveit. Anna Júlía Ólafsdóttir, Ástrós Arnarsdóttir, María Björk Pálsdóttir, Árný Eik Dagsdóttir, Eva María Gestsdottir, Hulda Clara Gestsdottir, Ingunn Einarsdóttir, Ingunn Gunnarsdóttir. Haukur Már Ólafsson, þjálfari.

## Stigameistarar á Íslandsbankamótaröð GSÍ

Markús Marelsson 14 ára og yngri
Jón Gunnarsson 17-18 ára

## Klúbbmeistarar GKG

Ragnar Már Garðarsson
Anna Júlía Ólafsdóttir

## Eldri kylfingar (LEK):

GKG á breiðan hóp kylfinga sem keppir í mótaröðum LEK. GKG átti 4 fulltrúa í landsliðum Íslands, sem voru eftirfarandi:

## Landsliðssæti

Lið karla 55 ára og eldri: Gunnar Páll Þórisson
Lið karla 70 ára og eldri: Þórhallur Sigurðsson
Lið kvenna 50 ára og eldri sem keppti á Evrópumóti kvennalandsliða 50+: María Málfríður Guðnadóttir og Ragnheiður Sigurðardóttir
Lið kvenna 50 ára og eldri sem keppti á móti ESLGA, Marisa Sgaravatti 50+: María Málfríður Guðnadóttir, Ragnheiður Sigurðardóttir

Í Íslandsmótum golfklúbba eldri kylfinga enduðu konurnar í 3. sæti í 1. deild kvenna sem fór fram í Öndverðarnesi. Karlasveitin okkar lenti einnig í 3. sæti í 1. deild sem fór fram á Suðurnesjum.

## Almenn námskeið

Boðið var upp á fjölbreytt námskeið fyrir félagsmenn í Kórnum og Íþróttamiðstöðinni yfir vetrarmánuðina og í sumar. Í boði voru 6 mánaða vetrarnámskeið og niður í styttri námskeið, s.s. tveggja og fjögurra skipta námskeið. Námskeið þar sem Trackman greiningartækin eru notuð njóta mikilla vinsælda, en einnig hefðbundin námskeið fyrir byrjendur og lengra komna. Svo er að sjálfsögðu alltaf hægt að fá einka/paratíma hjá golfkennurum.



Gunnlaugur Elsuson og Hlöðver Guðnason PGA golfkennarar sinna námskeiðunum af miklum metnaði og eldmóð. Fljótlega geta námsfúsir kylfingar einnig pantað tíma hjá Ástrós Arnarsdóttur og Andrési Davíðssyni, nýráðnum kennurum hjá GKG. Það veitir ekki af að bæta við kennurum því áhugi félagsmanna á að bæta sinn leik er mikill.

Auk golfnámskeiða hefur Birgitta Guðmundsdóttir jógakennari boðið upp á jóganámskeið fyrir golfara hér í Íþróttamiðstöðinni, sem óhætt er að segja að hafa slegið í gegn. Birgitta mun áfram bjóða upp á námskeið og hefjast þau í janúar. Einnig voru haldin fræðslukvöld, m.a. um hugarþjálfun og Trackman hermana. Það er alltaf nóg framboð af skemmtilegum og fróðlegum viðburðum fyrir félagsmenn GKG.

## Golfferðir félagsmanna GKG

Nú hafa verið farnar fimm vel heppnaðar golfferðir erlendis sem skipulagðar hafa verið af GKG fyrir félagsmenn. Markmið þessara ferða er að hafa gaman saman í golfi erlendis, og er kappkostað að bjóða glæsilega aðstöðu á góðu verði fyrir félagsmenn. Þegar er búið að skipuleggja og selja upp 60 manna ferð til Morgado í Portúgal næsta apríl.

## Nýliðanámskeið

Nýliðanámskeið voru haldin í vor fyrir nýja félaga sem teljast byrjendur, þ.e. hafa enga forgjöf og hafa ekki sótt nýliðanámskeið annars staðar. Markmið nýliðanámskeiðanna er að taka vel á móti nýjum félögum, kynna fyrir þeim helstu starfsemi klúbbsins og veita þeim grunnkennslu hvað varðar tækni og leikinn sjálfan. Alls fóru um 40 nýliðar í gegnum fræðslunámskeiðið í vor. Þriðja sumarið í röð var nýliðum boðinn vikulegur tími frá miðjum maí til loka júlí og mæltist það vel fyrir og hjálpaði þessum nýju félagsmönnum að ná fljótar tökum á golfinu og að njóta sín betur.

## Breytingar á þjálfarateymi

Í byrjun árs hætti Derrick Moore sem afreksþjálfari eftir farsælt starf í 13 ár hjá GKG. Sömuleiðis í haust ákvað Haukur Már Ólafsson að söðla um og taka við starfi íþróttakennara í Lindaskóla. Í stað þeirra hóf Arnar Már Ólafsson störf s.l. áramót og tók hann við keflinu af Derrick. Andrés Davíðsson, sem er eini PGA master professional á Íslandi kemur til starfa um áramótin og mun sinna barna- og unglingaþjálfun ásamt almennri kennslu. Ennfremur hóf Ástrós Arnarsdóttir störf hjá okkur í haust og mun hún þjálfa börn og unglinga ásamt því að starfa á skrifstofunni, bjóða upp á námskeið og aðstoða við mótahald í sumar.

Við þökkum Derrick og Hauki kærlega fyrir frábært samstarf undanfarin ár!

Sömuleiðis þökkum við öðrum starfsmönnum, nefndarmönnum, aðstandendum og ekki síst sjálfboðaliðum fyrir mjög ánægjulegt samstarf á árinu.

Áfram GKG!



f.h. Íþróttasviðs,
Úlfar Jónsson,
Íþróttastjóri

Sigmundur Einar Másson,
formaður íþróttanefndar




## Skráðu þig á olis.is

2 kr. + 2 kr. = 4 kr.

Lykil- og korthafar gefa eftir 2 krónur af afslætti

Olís greiðir 2 krónur á móti

4 krónur af hverjum lítra fara til Landgræðslunnar

*Olís – í samstarfi við Landgræðsluna*

*Landgræðslan vinnur að fjölbreyttum verkefnum á sviði kolefnisbindingar – uppgræðslu lands, skógrækt og endurheimt votlendis.*



## Skýrsla kvennanefndar GKG fyrir árið 2019

Núverandi kvennanefnd GKG tók til starfa í janúar. Stjórn kvennanefndar hélt félagsfund 10. janúar þar sem m.a. voru tilnefndar konur til stjórnar. Núverandi stjórn skipa Þorgerður Jóhannsdóttir formaður, Heiða Jóna Hauksdóttir varaformaður, Inga Birna Einarsdóttir ritari, Sunna Hlín Gunnlaugsdóttir gjaldkeri, Ásta Kristín Valgarðsdóttir. Meðstjórnendur Arndís Berndsen, Fjóla Rós Magnúsdóttir, Kristín Kristmundsdóttir og Sólveig Smith. Fjórar konur létu af stjórnarstörfum þær Helga Björg Steingrímsdóttir, Linda B. Pétursdóttir, Bryndís Ósk Jónsdóttir og Sigríður Hjaltadóttir og þökkum við þeim fyrir mjög gott starf síðustu ára.

## Hlutverk kvennanefndar

• Stuðla að samvinnu og samstöðu kvenna í GKG og efla félagsanda meðal þeirra.
• Hafa fasta rástíma þar sem konur geta skráð sig og leikið með öðrum konum.
• Hlúa sérstaklega vel að og bjóða velkomna nýja félaga.
• Að reynslumeiri konur leiki reglulega með reynsluminni.
• Eiga samstarf við aðra golfklúbba.

## Markmið kvennanefndar

Að hlutfall kvenna í klúbbnum sé hærra en í nokkrum öðrum golfklúbbi á landinu.

Starf nefndarinnar er sjálfboðaliðastarf en starfið er að sama skapi mjög gefandi og skemmtilegt, sérstaklega þegar viðtökur eru jafngóðar og þær hafa verið hjá GKG konum. Aðstaða okkar hjá GKG er sú sem besta sem gerist á landinu, allir viðburðir hafa verið meira og minna uppseldir, þátttaka kvenna í meistaramótinu hefur aldrei verið meiri. Holumeistari, mánudagsmótaröð, liðakeppni og allskonar mót, GKG konur gefa ekkert eftir, tökum þátt í öllu sem sett er upp og höfum virkilega gaman af.

Kvennanefndin tók upp á þeirri nýbreytni að gera samninga við tvo styrktaraðila (TARAMAR og Víntríó) vorið 2016. TARAMAR er íslenskt sprotafyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun og framleiðslu afburða á hreinum lífvirkum húðvörum sem draga úr sjáanlegum áhrifum öldrunar. Víntríó ehf selur Freixenet freyðivín. Samningana höfum við endurnýjað árlega við þau og mótin okkar hafa einkennst af því að vera TARAMAR eða Freixenet mót. Síðustu tvö ár hefur einnig Perform.is styrkt okkur veglega með teiggjafir. Óteljandi fyrirtæki hafa styrkt okkur um allskonar vinninga í mótum og þökkum við þessum fyrirtækjum fyrir veittan stuðning, það er ómetanlegt að eiga ykkur að og án stuðnings ykkar væri erfitt að halda starfi okkar svona öflugu.

GKG konur eru með fasta tíma á þriðjudögum í æfingaaðstöðu okkar í Kórnum frá janúar fram að páskum og fengum við Hlöðver Guðnason PGA golfkennara til liðs við okkur með fjögur námskeið. Mikil þátttaka var og varð strax uppselt í öll hollin í allan vetur. Í apríl vorum við með tveggja kvölda Freixenetpúttkeppni í Kórnum sem var mjög skemmtilegt.

Á félagsfundinum í janúar ræddum við um starfið okkar og hvað konur myndu helst vilja að við legðum áherslu á. Fyrirlestarröðin og ferðirnar okkar í sumar eru afrakstur þess fundar.
Konudagurinn er að verða einn af hefðbundnu dögunum okkar, reyndar tókum við forskot í ár og héldum hann viku fyrr. Þá fengum við til okkar Pálmar Ragnarsson markþjálfa til að vera með fyrirlestur um styrktaræfingar fyrir golfara. ásamt því að fá flottan brunch frá Vigni og co á Mulligan. Í apríl fengum við hina einu sönnu Vilborgu Örnu pólfara með 8848 ástæður fyrir því að gefast upp. Fyrirlestur Vilborgar Örnu fjallaði um ferðalag í átt að markmiði sem reyndist síður en svo auðvelt að ná. Sagan var í senn bæði persónuleg og einlæg og fjallaði um hvernig hægt sé að yfirstíga hindranir, halda út í erfiðum aðstæðum, sorgir sem og sigra. Vilborg var eins og ávallt frábær! “If you snooze you loose”.

# Einbeiting er mikilvæg til að ná árangri

Í flóknum aðstæðum skiptir máli að halda einbeitingu, bregðast rétt við og sýna hugrekki til að fara nýjar leiðir. Njóttu traustrar aðstoðar ráðgjafa KPMG, svo þú getir gripið tækifærin þegar þau gefast.

Kynntu þér þjónustuframboð okkar á vef félagsins eða hafðu samband í síma 545 6000.

**kpmg.is**

KPMG





Í maí vorum við með reglukvöld og fengum Ingibjörgu okkar Ólafsdóttur héraðsdómara og Bergsvein Þórarinsson golfdómara sem fóru yfir það helsta í nýju golfreglunum.

Skemmtikvöldið í ár var 30. apríl "Suðræn sveifla" þar fengum við Siggu Kling til að koma stuði í mannskapinn eins og henni er einni lagið. Feðginin úr Landeyjunum, Hlynur Snær og Sæbjörg Eva,  trúbadorar héldu uppi stuðinu fram á rauða nótt. Vignir kokkur og hans starfsfólk sá um glæsilegan mat og þjónustu eins og þeim er einum lagið. Stjórnin sá um sína hefðbundnu tískusýningu á Under Armor golffatnaði frá Altis og skóm frá Ecco.

Í sumar voru fastir golftímar alla þriðjudaga á Mýrinni og Freixenetmót síðasta þriðjudag í mánuði frá byrjun maí til lok ágúst. Í maí héldum við Texas scramblemót - vön og óvön. Í júní var einstaklingsmót með fullri forgjöf. Í júlí var einstaklingsmót og í ágúst var Regnbogamót og regnbogadrottningin krýnd, úr varð mjög litríkur hópur sem spilaði þann daginn og naut sín vel í regnbogalitunum.

Vorferðina fórum við á Kiðjaberg og spiluðum við heimakonur í blíðskaparveðri. Ánægjan var eins og endranær mjög mikil, völlurinn kominn í gott stand, sól í heiði og sól í sinni. Var þetta í annað sinn sem við fórum til þeirra Kiðjabergskvenna í vorferð og er það væntanlega komið til að vera.

Nýjungin í ár var vinkvennamót með GR konum í júlí. Spilaðir voru einn hringur hjá okkur á Leirdalnum og einn hjá þeim á Grafarholtinu. Mótið var mjög skemmtilegt, þar sem tvær konur úr hvorum klúbb spiluðu saman og tóku vel yfir eitt hundrað konur þátt í mótinu. Fjölmargir vinningar og skemmtilegheit voru á lokahófinu. Við stefnum að því að halda þessu samstarfi áfram.

Í ágúst fórum við á Akranes í vissuferðina okkar og spiluðum við Leyniskonur á Garðavellli. Það voru rúmlega 100 konur sem fóru í tveimur rútum frá GKG og áttu mjög skemmtilegan dag sem lauk með góðum kvöldverði og uppistandara í nýja skála þeirra Leynismanna.
Lokamótið okkar var sunnudaginn 15. september, þar sem ræst var út á öllum teigum og borðað svo saman í lokin á Mulligan. Veðurguðirnir voru okkur ekki alveg í hag, urðum að fresta ræsingu og stytta spilið aðeins, en hinn eini og sanni GKG andi réð ríkjum. Verðlaun voru veitt fyrir sumarið og fuglameistari krýndur. Við nutum góðs matar og velgjörðar að hætti Vignis kokks, Tomma, Jönu og þeirra fólks. Hláturtaugarnar voru vel kítlaðar af Björk Jakobsdóttur fjöllistakonu. Þar með lauk sumargolfvertíðinni okkar að sinni.

Þegar litið er til baka, þá er þetta sólríkasta sumar frá stofnun klúbbsins og völlurinn full nýttur alla daga.  Andrúmsloftið verður svo dásamlegt á svona sumri og völlurinn aldrei verið betri, skorið frábært og allt svo skemmtilegt við þessar kjör aðstæður. Facebook síða okkar hefur verið mjög virk og er mjög gaman að renna í gegnum allar myndirnar og sögurnar sem GKG konur hafa sett þar inn og rifja upp eitt skemmtilegasta golfsumarið okkar GKG kvenna.

F.h. kvennanefndarinnar vil ég að lokum þakka öllum þeim sem komið hafa að starfi okkar í ár og gert það jafn glæsilegt og raun varð á. Fyrst og fremst hinni einu og sönnu GKG konu sem mætir í viðburðina okkar, án hennar væri ekkert kvennastarf. Öllu hinu góða starfsfólki GKG sem við erum svo heppin að hafa, þið eruð frábær en sérstaklega langar mig þó að þakka þeim Ynvga og Sindra sem eru að láta af störfum en þeir hafa algjörlega verið okkar hægri hendur GKG kvenna í öllu mótahaldi sumar eftir sumar - gangi ykkur vel á nýjum slóðum strákar.

Að endingu þakka ég fyrir mig, það hefur verið frábært að vinna með ykkur síðustu árin. Nýrri stjórn óska ég velfarnaðar og ég hlakka til næsta árs.

Áfram GKG!
Þorgerður Jóhannsdóttir



## Störf mótanefndar 2019

Aðstæður til golfiðkunar voru með allra besta móti í sumar á völlum GKG. Veðrið lék við hvern sinn fingur og vellirnir skörtuðu sínu besta. Mótahald var fjörugt og þátttaka í mótunum góð.
Á vegum mótanefndar voru haldin fimm innanfélagsmót, tvö opin mót, sex mót í tengslum við GSÍ og heimslistann, alls 13 mót eða 25 mótadagar sem fulltrúar mótanefndar komu að. Það var aukning um alls 12 daga frá árinu á undan en aðeins aukning um einn dag frá árinu 2016. Tekjur vegna móta jukust því talsvert frá síðasta ári.

Alls voru 1727 keppendur sem tóku þátt í þessum mótum. Í opnu mótunum var meðalþátttakan um 200 keppendur og má geta þess að í opna Sumarsólstöðumótinu tóku 224 keppendur þátt en það var lang fjölmennasta mótið sem haldið var í sumar fyrir utan sjálft meistaramótið.
Tvær mótaraðir voru haldnar eins og undanfarin ár á vegum nefndarinnar þ.e. mánudagsmótaröðin og holukeppnin. Báðar þessar mótaraðir eru haldnar í kynjaskiptum flokkum þannig að holumeistarar og punktameistarar eru krýndir í báðum kynjum. Eggert Ólafsson var mótsstjóri mánudagsmótaraðarinnar og Sigurjón Sigurjónsson var mótsstjóri holukeppninnar.
Í sumar var bryddað upp á þeirri nýjung að bæta við einni mótaröð í viðbót, liðakeppni, sem er afbrigði af Ryderfyrirkomulaginu þar sem hvert lið skipar fjóra leikmenn í annars vegar einn fjórleik og hins vegar tvo tvímenninga þar sem leikin er holukeppni með forgjöf. Skipt var í tvo riðla og keppti hvert lið við öllu hin liðin í sínum riðli og léku svo efstu liðin í hvorum riðli um sæti sín á milli í lokin. Mótsstjóri liðakeppninnar var Sindri Snær Skarphéðinsson.
Þau innanfélagsmót sem haldin voru á vegum mótanefndarinnar hafa klárlega fest sig í sessi og hafa verið gríðarlega vinsæl og oftast færri komist að en vildu:

- Opnunarmótið var haldið óvenju snemma í ár eða 4. maí, tveimur dögum eftir opnun valla.
- Hjóna- og parakeppnin var haldin fyrsta laugardag í júní, þ.e. 1. júní.
- Meistaramótið var haldið dagana 7.-13. júlí og var metþátttakendafjöldi í ár eða 375.
- Ljósamótið var haldið 12. september. Ingibjörg Ólafsdóttir frumkvöðull mótsins var aftur mótsstjóri í ár.
- Bændaglíman var að venju lokamótið en það var haldið fyrsta laugardag í október þ.e. 5. október en bændur í ár voru þeir Þórhallur Sverrisson og Vernharður Þorleifsson en þeir hafa nokkrum sinnum áður farið fyrir liði keppenda í bændaglímu móti hvor öðrum.

Tvö sérlega vel heppnuð opin mót voru haldin en þau eru búin að vinna sér fastan sess hjá okkur:

- Sumarsólstöðumótið var haldið 22. júní.
- Minningarmótið sem nú var styrkt af Ecco var haldið 31. ágúst.

Mun meira fór fyrir mótum tengdum GSÍ og stigalistunum í ár en áður og tengist það því að GKG á nú stórt hlutfall þeirra keppenda sem taka þátt í þessum mótum og þarf því að taka virkan þátt í mótahaldinu á hverju ári. Gera má ráð fyrir að GKG muni halda a.m.k. tvö mót tengdum GSÍ og heimslistanum á hverju ári.

- ProAM mótinu sem fara átti fram haustið 2018 var frestað til vors 2019 og fór fram fimmtudaginn 16. maí í ár. Þátttakendur í mótinu voru 56 í 14 liðum.
- Heimslistamót fór fram á tveimur dögum 17. – 18. maí en boðið var í það tiltölulega fáum keppendum. Keppendur voru 24 og spiluðu tvo hringi á föstudeginum og einn á laugardeginum.
- LEK mót. Eitt mót eldri kylfinga fór fram 8. júní. Keppendur voru 52.
- Íslandsmót golfklúbba 1. deild karla og kvenna (Sveitakeppnin) fór fram dagana 26. -28. júlí. Sú nýbreytni var prófuð í ár að GKG og Golfklúbburinn Oddur stóðu saman að því að halda Íslandsmót golfklúbba, bæði í karlaflokki og kvennaflokki. Þetta er spennandi verkefni til tveggja ára og verður þetta mót því haldið aftur hjá þessum golfklúbbum á næsta ári. Í ár spiluðu karlarnir fyrsta daginn hjá Oddi og annan daginn hjá GKG á meðan að konurnar spiluðu fyrsta daginn hjá GKG og annan daginn hjá Oddi.

Úrslitakeppnin um efstu sætin fór svo fram í báðum flokkum hjá GKG á sunnudeginum en spil um neðri sætin fór fram hjá Oddi. Lokahóf var svo haldið hjá GKG að loknu móti. Þessu verður svo snúið við á næsta ári. Keppendur voru alls 128 í 16 liðum.

• Íslandsmót unglinga var haldið 16. – 18. ágúst. Lokamót unglingamótaraðar GSÍ var haldið þriðja árið í röð hjá GKG og núna heldur fyrr en fyrri ár. Sú breyting varð í ár að nú endaði mótaröðin á Íslandsmóti unglinga. Mikil aðsókn var í þátttöku í mótinu og fór svo að 154 keppendur voru skráðir til leiks.

Félagar í GKG geta verið stoltir af því að á hverju ári bætist klúbbnum liðsauki í lærðum dómurum til að takast á við dómgæslustörf í mótum á vegum klúbbsins:

• Guðmundur Guðbjörnsson lauk héraðsdómararéttindum síðasta vetur og hefur verið vel virkur í dómarastörfum í sumar.

• Auk þess nýttu tveir fyrrum héraðsdómarar sér að boðið var upp á landsdómaranámskeið sl. vetur og náðu landsdómararéttindum, það voru þeir Helgi Már Halldórsson og Jón K. Baldursson.

Klúbburinn hefur því getað státað af því að hafa 14 virka dómara í sínum röðum og er það mikils virði. Klúbburinn hefur nú á að skipa helmingi allra alþjóðadómara sem eru á landinu þ.e. 4 af 8, 8% landsdómara þ.e. 2 af 24 og 8 virkum héraðsdómurum af þeim 145 sem hafa héraðsdómararéttindi á landinu. Samtals eru virkir dómarar hjá klúbbnum um 10% af öllum dómurum sem hafa dómararéttindi á landinu í dag.

Mótanefndarfólki og öðrum þeim sem lögðu fram krafta sína í sjálfboðavinnu vegna mótanna vil ég þakka sérstaklega fyrir samstarfið á árinu og gott og óeigingjarnt sjálfboðaliðastarf í þágu GKG. Fórnfýsi ykkar hefur verið ómetanleg og engan veginn er hægt að fullþakka hana.

Starfsfólki GKG, starfsfólki veitingasölunnar og öllum þeim sem komu að mótum GKG í ár með einhverjum hætti vil ég einnig þakka fyrir gott samstarf á árinu.

Jón K. Baldursson,
formaður mótanefndar.



# GARÐABÆR GEGN SÓUN

Neyslumynstur okkar er raunverulegt umhverfisvandamál. **Gerum þetta saman.**




HEIMSMARKMIÐIN

Kynntu þér innkaupa- og úrgangsstefnu Garðabæjar á **gardabaer.is**

GARÐABÆR

## Mótaskrá GKG 2019

| | | |
|---|---|---|
| 04.05.19 | Opnunarmót | Innanfélagsmót |
| 11.05.19 | Kristalsmótaröð (1) | Unglingamót |
| 11.05.19 | Göss golfmót | Innanfélagsmót |
| 13.05.19 | Tengi Masters | Innanfélagsmót |
| 14.05.19 | Kvennagolf | Kvennamót |
| 15.05.19 | Öldunar - Æfingamót | Eldri-kylfingamót |
| 16.05.19 | PRO-AM boðsmót | Almennt |
| 17.05.19 | Heimslistamótaröð GSÍ (1) | Almennt |
| 21.05.19 | Kvennagolf | Kvennamót |
| 21.05.19 | Tengi Masters | Innanfélagsmót |
| 22.05.19 | GEIM golfmót | Almennt |
| 28.05.19 | Freixenet-Texas scramble | Kvennamót |
| 29.05.19 | Góðgerðargolfmót Eldeyjar | Almennt |
| 31.05.19 | Jónar-boðsmót | Almennt |
| 31.05.19 | Holukeppni GKG | Innanfélagsmót |
| 31.05.19 | Garðaskólamót | Innanfélagsmót |
| 01.06.19 | Hjóna- og parakeppnin | Innanfélagsmót |
| 02.06.19 | Afmælismót Hinna Lár | Almennt |
| 03.06.19 | Mánudagsmótaröð | Almennt |
| 03.06.19 | Borgarleikhúsið | Almennt |
| 04.06.19 | Kvennagolf 4. 6. | Kvennamót |
| 05.06.19 | Öldungar- Leirdalur | Eldri-kylfingamót |
| 06.06.19 | TM Shot Gun mót | Almennt |
| 07.06.19 | Golfmót Öflungs 2019 | Innanfélagsmót |
| 08.06.19 | Heimsferðamótið öldunga | LEK-mót |
| 10.06.19 | Mánudagsmótaröð | Almennt |
| 11.06.19 | Kvennagolf 11. 6. | Kvennamót |
| 12.06.19 | Kristalsmótaröð GKG (2) | Unglingamót |
| 13.06.19 | Þekking boðsmót | Almennt |
| 17.06.19 | Mánudagsmótaröð GKG (3) | Innanfélagsmót |
| 18.06.19 | FREIXENET | Kvennamót |
| 18.06.19 | Kvennagolf 18. 6. | Kvennamót |
| 20.06.19 | Íslandsbanki shotgun mót | Almennt |
| 20.06.19 | Floridana mótaröð byrjenda (1) | Unglingamót |
| 20.06.19 | Starfsmannamót Hrafnistu | Almennt |
| 22.06.19 | Sumarsólstöðumót Stella Artois | Almennt |
| 24.06.19 | Mánudagsmótaröð GKG (4) | Innanfélagsmót |
| 25.06.19 | Safnmót 4 - 2019 | Almennt |
| 25.06.19 | CINTAMANI- einstaklingsmót | Kvennamót |
| 26.06.19 | Golfmót KPMG | Almennt |
| 27.06.19 | Golfmót Rótarý 2019 | Almennt |
| 01.07.19 | Mánudagsmótaröð GKG (5) | Innanfélagsmót |
| 02.07.19 | Kvennagolf 2. 7. | Kvennamót |
| 03.07.19 | Kristalsmótaröð GKG (3) | Unglingamót |
| 04.07.19 | Lexus Cup 4. júlí | Almennt |
| 04.07.19 | Floridana mótaröð byrjenda (2) | Unglingamót |
| 05.07.19 | Lexus Cup 5. júlí | Almennt |
| 06.07.19 | Niðjamótið 2019 | Innanfélagsmót |
| 07.07.19 | Meistaramót GKG | Innanfélagsmót |
| 07.07.19 | Meistaramót Gestir | Innanfélagsmót |
| 07.07.19 | Meistaramót GKG Öldungar 70+ | Eldri-kylfingamót |
| 07.07.19 | Meistaramót GKG 12 ára og yngri | Unglingamót |
| 07.07.19 | Meistaramót GKG 13 til 14 ára | Unglingamót |
| 15.07.19 | Mánudagsmótaröð GKG (6) | Innanfélagsmót |
| 16.07.19 | Vinkvennamót GKG og GR | Kvennamót |
| 17.07.19 | Öldungar Mýrin 9 holur | Eldri-kylfingamót |
| 22.07.19 | Mánudagsmótaröð GKG (7) | Innanfélagsmót |
| 22.07.19 | Íslandsmót golfklúbba - | |
| | 12 ára og yngri | Unglingamót |
| 23.07.19 | Kvennagolf 23. 7. | Kvennamót |
| 26.07.19 | Origo - Íslandsmót golfklúbba | |
| | - 1. deild karla og kvenna | Almennt |
| 27.07.19 | Afmælismót Óla | Almennt |
| 29.07.19 | Mánudagsmótaröð GKG (8) | Innanfélagsmót |
| 30.07.19 | Dagnýjarbikarinn 2019 | Innanfélagsmót |
| 30.07.19 | Mýrin - FREIXENET | Kvennamót |
| 31.07.19 | Kristalsmótaröð GKG (4) | Unglingamót |
| 01.08.19 | Floridana mótaröð byrjenda (3) | Unglingamót |
| 05.08.19 | Mánudagsmótaröð GKG (9) | Innanfélagsmót |
| 05.08.19 | Golfmót félagsskip | Almennt |
| 06.08.19 | Öldungar Leirdalur 6. ágúst | Eldri-kylfingamót |
| 06.08.19 | Kvennagolf 6. 8. | Kvennamót |
| 08.08.19 | Golfmót Deloitte | Almennt |
| 13.08.19 | Firmakeppni GKG 2019 | Almennt |
| 13.08.19 | Kvennagolf 13. 8. | Kvennamót |
| 15.08.19 | Floridana mótaröð byrjenda (4) | Unglingamót |
| 16.08.19 | Íslandsbankamótaröðin 5 | Unglingamót |
| 20.08.19 | Kvennagolf 20. 8. | Kvennamót |
| 22.08.19 | Kristalsmótaröð GKG (5) | Unglingamót |
| 27.08.19 | Mýrin - FREIXENET - Litaþema | Kvennamót |
| 28.08.19 | Boðsmót Vínness 2019 | Almennt |
| 29.08.19 | Alba gu bráth 2019 | Innanfélagsmót |
| 29.08.19 | Capacent starsmannamót | Almennt |
| 30.08.19 | Golfmót félags skiptjórnarmanna | Almennt |
| 30.08.19 | Læknamótið 2019 | Almennt |
| 30.08.19 | Golfmót Air Atlanta | Almennt |
| 30.08.19 | Kveðjumót Hauks þjálfara | Almennt |
| 31.08.19 | Ecco- Opna Minningarmót GKG | Almennt |
| 03.09.19 | Starfsmannamót Landsbankans | Almennt |
| 06.09.19 | Boðsmót Olís | Innanfélagsmót |
| 08.09.19 | Kristalsmótaröð GKG (6) | Unglingamót |
| 08.09.19 | Floridana mótaröð byrjenda (5) | Unglingamót |
| 11.09.19 | Öldungar - Mýrin lokamót | Eldri-kylfingamót |
| 11.09.19 | Lokamót Öldunga 65+ | Eldri-kylfingamót |
| 12.09.19 | Ljós í myrkri | Innanfélagsmót |
| 13.09.19 | O.Johnson & Kaaber ehf | Almennt |
| 14.09.19 | Golfmót Ölgerðarinnar | Almennt |
| 15.09.19 | TARAMAR | Kvennamót |
| 21.09.19 | Starfsmannamót TM | Almennt |
| 22.09.19 | Starfsmannamót Heimilistækja | Almennt |
| 25.09.19 | Guðrúnarbikarinn 2019 | Innanfélagsmót |
| 26.09.19 | Starfsmannamót Samskipa | Almennt |
| 05.10.19 | Bændaglíman 2019 | Innanfélagsmót |
| 14.11.19 | TARAMAR lokamót | Kvennamót |

| **Meistaraflokkur karla** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
|---|---|---|---|---|---|
| Ragnar Már Garðarsson | 67 | 67 | 71 | 71 | 276 |
| Hlynur Bergsson | 72 | 73 | 72 | 73 | 290 |
| Breki Gunnarsson Arndal | 75 | 75 | 73 | 70 | 293 |

| **1. flokkur karla** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
|---|---|---|---|---|---|
| Yngvi Sigurjónsson | 77 | 72 | 75 | 79 | 303 |
| Kjartan Jóhannes Einarsson | 78 | 79 | 77 | 74 | 308 |
| Hreiðar Bjarnason | 79 | 79 | 76 | 78 | 312 |

| **2. flokkur karla** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
|---|---|---|---|---|---|
| Einar Vignir Hansson | 89 | 76 | 78 | 84 | 327 |
| Gunnar Valdimar Johnsen | 90 | 80 | 77 | 81 | 328 |
| Kristófer Óli Baldursson | 81 | 78 | 84 | 85 | 328 |
| Árni Árnason | 84 | 76 | 88 | 80 | 328 |

| **3. flokkur karla** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
|---|---|---|---|---|---|
| Ragnar Þórður Jónasson | 83 | 88 | 91 | 85 | 347 |
| Svavar Geir Pálmarsson | 87 | 92 | 89 | 81 | 349 |
| Árni B Kvaran | 84 | 95 | 84 | 88 | 351 |

| **4. flokkur karla** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
|---|---|---|---|---|---|
| Snorri Björn Sturluson | 77 | 95 | 102 | 93 | 290 |
| Arnar Bjarni Stefánsson | 87 | 103 | 101 | 96 | 300 |
| Árni Bjarnason | 91 | 100 | 102 | 102 | 304 |

| **5. flokkur karla** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
|---|---|---|---|---|---|
| Helgi Ingólfur Rafnsson | 91 | 104 | 101 | 99 | 304 |
| Sigvaldi Einarsson | 99 | 110 | 101 | 101 | 312 |
| Kjartan Birgisson | 100 | 106 | 103 | 104 | 313 |

| **Meistaraflokkur kvenna** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
|---|---|---|---|---|---|
| Anna Júlía Ólafsdóttir | 82 | 79 | 85 | 74 | 320 |
| Ingunn Einarsdóttir | 76 | 81 | 83 | 80 | 320 |
| María Björk Pálsdóttir | 84 | 78 | 82 | 82 | 326 |
| Ingunn Gunnarsdóttir | 81 | 84 | 83 | 78 | 326 |
| Ástrós Arnarsdóttir | 83 | 80 | 83 | 80 | 326 |

| **1. flokkur kvenna** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
|---|---|---|---|---|---|
| Helga Þorvaldsdóttir | 82 | 83 | 81 | 82 | 328 |
| Jónína Pálsdóttir | 86 | 88 | 90 | 86 | 350 |
| Jóhanna Ríkey Sigurðardóttir | 92 | 89 | 89 | 81 | 351 |

| **2. flokkur kvenna** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
|---|---|---|---|---|---|
| Anna Júlía Ólafsdóttir | 82 | 79 | 85 | 74 | 320 |
| Ingunn Einarsdóttir | 76 | 81 | 83 | 80 | 320 |
| María Björk Pálsdóttir | 84 | 78 | 82 | 82 | 326 |

| **3. flokkur kvenna** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
|---|---|---|---|---|---|
| Kristín María Kjartansdóttir | 94 | 100 | 101 | 106 | 307 |
| Edda Valsdóttir | 98 | 88 | 108 | 115 | 311 |
| Jóhanna Ásgerður Einarsdóttir | 100 | 104 | 105 | 104 | 313 |

| **4. flokkur kvenna** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjóla Rós Magnúsdóttir | 109 | 113 | 101 | 108 | 322 |
| Sigríður Ólafsdóttir | 126 | 104 | 115 | 120 | 339 |
| Kristín Halla Hafsteinsdóttir | 129 | 121 | 109 | 112 | 342 |
| Kolbrún Ólafsdóttir | 129 | 116 | 109 | 117 | 342 |

| **12 ára og yngri strákar** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
|---|---|---|---|---|---|
| Guðjón Frans Halldórsson | 38 | 39 | 39 | | 116 |
| Gunnar Þór Heimisson | 39 | 40 | 42 | | 121 |
| Stefán Jökull Bragason | 43 | 52 | 49 | | 144 |

| **12 ára og yngri stelpur** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
|---|---|---|---|---|---|
| Halla Stella Sveinbjörnsdóttir | 55 | 50 | 48 | | 153 |
| Elísabet Sunna Scheving | 55 | 51 | 48 | | 154 |
| Helga Grímsdóttir | 50 | 52 | 52 | | 154 |

| **Drengir 13–14 ára** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
|---|---|---|---|---|---|
| Gunnlaugur Árni Sveinsson | 68 | 68 | 72 | | 208 |
| Logi Traustason | 81 | 84 | 82 | | 247 |
| Jósef Ýmir Jensson | 85 | 85 | 88 | | 258 |

| **Telpur 13–14 ára** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
|---|---|---|---|---|---|
| Karen Lind Stefánsdóttir | 90 | 93 | 89 | | 272 |
| Gunnhildur Hekla Gunnarsdóttir | 101 | 108 | 90 | | 299 |




| Piltar 15–16 ára | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Breki Gunnarsson Arndal | 77 | 75 | 74 | | 226 |
| Dagur Fannar Ólafsson | 83 | 75 | 72 | | 230 |
| Róbert LEÓ Arnórsson | 74 | 75 | 82 | | 231 |

| Teplur 15–16 ára | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Laufey Kristín Marinósdóttir | 83 | 88 | 89 | | 260 |
| Katrín Hörn Daníelsdóttir | 83 | 89 | 91 | | 263 |

| Öldungar karla 50 ára+ | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Úlfar Jónsson | 68 | 70 | 67 | | 205 |
| Gunnar Páll Þórisson | 81 | 71 | 77 | | 229 |
| Helgi Svanberg Ingason | 78 | 81 | 78 | | 237 |

| Öldungar kvenna 50 ára+ | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Elísabet Böðvarsdóttir | 94 | 89 | 94 | | 277 |
| Ásgerður Þórey Gísladóttir | 94 | 90 | 96 | | 280 |
| Hanna Bára Guðjónsdóttir | 93 | 95 | 96 | | 284 |

| Öldungar karla 65 ára + | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Tómas Jónsson | 85 | 80 | 82 | | 247 |
| Gunnar Árnason | 83 | 82 | 84 | | 249 |
| Randver Ármannsson | 87 | 81 | 85 | | 253 |

| Öldungar kvenna 65 ára + | Hringur 1 | Hringur 2 | Hringur 3 | Hringur 4 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Ragna Stefanía Pétursdóttir | 96 | 90 | 96 | | 282 |
| Ágústa Guðmundsdóttir | 108 | 100 | 100 | | 308 |
| Svandís Bjarnadóttir | 107 | 106 | 98 | | 311 |





# Hátíðlegt úrval

## í Sjónvarpi Símans Premium

Sameinaðu fjölskylduna í sófanum um jólin. Bridget Jones, Forrest Gump, Shrek, Penguins of Madagascar eru á meðal þeirra rúmlega 200 kvikmynda og Disney ævintýra sem standa þér til boða yfir hátíðarnar.

**Sjónvarp Símans** Premium **– Svona á sjónvarp að vera**

TVIST SÍM 11705

GKG býður upp á stærstu innanhús golfhermaaðstöðu í heiminum, og því var tilvalið að næsta skref í þessari vegferð yrði að bæta Leirdalsvelli við þá flóru golfvalla sem eru í boði í golfhermaforriti Trackman Virtual Golf2.
Áætlað er að Leirdalsvöllurinn verði tilbúinn til leiks um miðjan janúar, og þá geta kylfingar víðs vegar um heiminn kynnst og leikið heimavöllinn okkar í Trackman golfhermum.
Viðamikið ferli er við undirbúning og vinnslu þegar golfvelli er bætt í Trackman herminn, en það fyrsta sem þarf að gera er að kortleggja svæðið. Það er gert með þrívíddar drónamyndatökum sem ná yfir allt vallarsvæðið. Þessi kortlagning veitir nákvæm gögn um hæðamun, glompur, vötn, flatir og allt jarðfræðilegt sem snertir golfvöllinn og umhverfi hans.
Myndin sýnir dæmi um gögnin sem unnið er með:






# Leiktu Leirdalsvöllinn í Trackman golfhermi

Næsta skref er alhliða ljósmyndataka sem unnin er handvirkt. Myndir eru teknar af öllum einkennum golfvallarins en það þýðir að við getum staðsett allar hindranir á vellinum nokkuð nákvæmlega. Þetta er einn af þeim hlekkjum sem gerir Trackman hugbúnaðinn nákvæmari og betri.

Lokaskrefið er forritunin svo völlurinn verði aðgengilegur kylfingum til að njóta. Hjá Trackman starfar fjölmennur hópur forritara þar sem þeirra aðalverkefni er að útbúa þrívíddar líkön af golfvöllum. Það tekur um 5-6 vikur að forrita og útbúa golfvöll eins og okkar.
Nýlega var tekin í gagnið ný uppfærsla af Trackman Virtual Golf golfhermahugbúnaðinum (Trackman Virtual Golf2).

Höfuðáhersla var lögð á að gera grafíkina enn raunverulegri, auk annara áhugaverðra nýjunga sem gera leikinn skemmtilegri fyrir kylfinginn. Sem dæmi eru fjarlægðir að skotmarki skýrari og tölulegar upplýsingar líflegri þegar högg er slegið.
Í nýlegri úttekt sem golfblað norska golfsambandsins (norskgolf.no) gerði, kom Trackman Virtual Golf best út meðal fjölda annara golfhermahugbúnaða sem prófaðir voru. Niðurstöðurnar voru að Trackman golfhermirinn komist næst því að „vera úti og spila“. Þannig að nú má okkur byrja að hlakka til að geta leikið völlinn okkar í janúar og æfa höggin á brautunum sem hafa valdið okkur mestu vandræðunum á sumrin.

Myndirnar sýna grafíkina í nýju uppfærslunni.





# HÓPFERÐIR

## TALAÐU VIÐ SÉRFRÆÐINGANA!

Við bókum 10 - 1.000 manna hópa.
Golfhópa, árshátíðarhópa, íþróttafélög,
vini, hjólahópa, saumaklúbba.

**hopar@visitor.is**



Visitor
FERÐASKRIFSTOFA

Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogur • Sími 578 9888 • visitor.is

## Hvað segir GKG-ingurinn?
## – Óla Björk Eggertsdóttir

Óla Björk Eggertsdóttir, er fimmtugur Kópavogsbúi sem er í dag með 24,4 í forgjöf.

**Hvað dró þig að golfinu og hvenær?**
Ég á Hólmari manninum mínum það alfarið að þakka að ég byrjaði í golfi. Hann byrjaði að fikta við íþróttina vorið 2012 og fékk strax mikinn áhuga og vildi fá mig með sér. Í fyrstu var ég treg í taumi en gaf þó loks undan og fór ég minn fyrsta 18 holu golfhring í maí 2013. Fannst mér golfíþróttin frekar óspennand enda komin með hlaupabakteríu á háu stigi. En það átti heldur betur eftir að breytast því um páska 2016 fór ég til Valle Del Este á golfnámskeið og fékk þá bakteríuna. Nú sé ég mest eftir því að hafa ekki byrjað mikið, mikið fyrr Golf er algörlega frábær íþrótt og sé ég fyrir mér að það verði yndislegt að eldast og hafa þá meiri tíma til að æfa og spila golf.



**Hvers vegna valdirðu GKG?**
Það er stutt að fara á völlinn þar sem ég bý í Kópavogi.

**Mýrin eða Leirdalur?**
Leirdalurinn finnst mér skemmtilegri.

**Stóðu vellirnir undir væntingum þínum sólarsumarið 2019?**
Algjörlega. Ég spilaði þó bara 30 hringi á völlunum hér heima á þessu ári þar sem við hjónin stóðum í flutningum í sumar og höfðum í nógu að snúast.

**Hvert er drauma GKG hollið þitt og hvaða utanfélagsmaður fengi að vera með í hollinu?** Drauma GKG hollið mitt samanstæði af einhverjum af þeim frábæru GKG konum sem ég hef kynnst á undanförnum árum. Tiger Woods yrði síðan að sjálfsögðu með.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur lent í á golfferlinum?**
Það var í sumar þegar ég byrjaði að nota nýja hybrid kylfu. Ég hitti þá mun oftar boltann á braut og sló lengri og beinni högg en áður. Þessu fylgdi mikið öryggi og ótrúleg ánægja. Þá fór líka forgjöfin að lækka.

**En það vandræðalegasta?** Ég var í einhverju basli á fyrstu brautinni í Meistaramótinu 2017. Ég var búin að slá fleiri högg á brautinni en ég átti að venjast og tapaði svo loks boltanum út af brautinni. Ég ákvað að vera ekkert að svekkja mig yfir þessari slöku byrjun og tilkynnti konunum í hollinu mínu að ég ætlaði bara að x-a holuna. Þær horfðu á mig í forundran og sögðu mér að í svona móti er skylda að klára að spila hverja einustu holu. Var mér mjög brugðið við tíðindin og skammaðist mín fyrir vankunnáttu mína. Fór ég að efast um að það hafi verið svo góð hugmynd að skrá mig í þetta mót en tilgangurinn hafði fyrst og fremst verið að læra hvernig svona mót fer fram. Mér veitti greinilega ekkert af slíkum skóla

**Uppáhalds holan þín á Leirdalnum? Hvers vegna?** Uppáhaldsholan mín á Leirdalnum er hola tvö. Þar stendur teigurinn hátt með góðu útsýni yfir flötina. Mér finnst gaman að reyna að hitta inn á flötina í upphafshögginu og forðast að slá of langt og missa boltann í glompuna vinstra megin eða alla leið inn á flötina á sextándu braut á Leirdalnum.

**Uppáhalds holan þín á Mýrinni? Hvers vegna?** Á Mýrinni er 8. holan í miklu uppáhaldi hjá mér. Mér finnst gaman að slá upphafshöggið og reyna svo að ná sem lengst í öðru höggi án þess þó að lenda í glompunni hægra megin við flötina. Vippið inn á flötina er líka krefandi og skemmtilegt.

**Hver er uppáhaldsvöllurinn fyrir utan GKG?**
Hér heima er það Grafarholtsvöllur. En svo eru margir skemmtilegir golfvellir á Spáni og Flórída.

**Notar þú golfhermana, hver er upplifunin?** Ég er nýlega farin að mæta í golfhermana og er að læra hvernig best er að bera sig að. Mér finnst óskaplega gaman að hafa þennan valkost að spila golf í hermi með góðum vinum þegar úti er myrkur og jafnvel leiðinda veður. Golfhermar eru klárlega málið yfir veturinn, að mínu mati. Svo er ekki leiðinlegt að geta valið að spila golfvelli á borð við St. Andrews og aðra fræga golfvelli.

**Hver er uppáhaldskylfan?** Nýja hybrid kylfan mín, XXIO X hybrid, er tvímælalaust í algjöru uppáhaldi. Ég fékk mér hana í sumar og virðist hún henta mér mjög vel.

**Áttu þér fyrirmynd í golfinu?** Reyndar á ég mér ekki neina fyrirmynd í golfi en ég nýt þess að fylgjast með stærstu golfmótunum í sjónvarpinu. Þá hef ég mjög gaman að mörgum golfurum eins og Jordan Spieth, Jon Rahm, Dustin Johnson, Rory McIlroy, Ricky Fowler og Tiger Woods. Ég hef því miður ekki fylgst með kvennagolfinu úti í heimi en finnst frábært að sjá hvað okkar konur hafa náð langt.

**Hvernig nestar þú þig út á golfvöll?** Það er mjög misjafnt en ég reyni þó að halda mig við hollustuna. Mér gengur alltaf best í golfi ef ég er með gott nesti og hef gefið mér tíma til að undirbúa mig fyrir golfhringinn.

**Hvað er lang, lang best við GKG?** Fólkið í klúbbnum, ekki spurning. GKG-ingar eru bestir.

## LEIKNIR HRINGIR Á LEIRDALSVELLI
## 2016 - 2017 - 2018 - 2019




| | Maí | Júní | Júlí | Ágúst | September | Október | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2016 | 4.893 | 5.092 | 6.194 | 5.771 | 3.872 | 1.716 | 27.543 |
| 2017 | 3.317 | 5.538 | 6.701 | 5.885 | 3.217 | 3.363 | 28.057 |
| 2018 | 2.043 | 4.652 | 7.340 | 4.726 | 3.446 | 3.027 | 25.234 |
| 2019 | 4.149 | 6.007 | 8.166 | 5.113 | 3.252 | 5.350 | 32.037 |

## LEIKNIR HRINGIR Á MÝRINNI
## 2016 - 2017 - 2018 - 2019




| | Maí | Júní | Júlí | Ágúst | September | Október | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2016 | 5.518 | 5.675 | 6.873 | 5.864 | 4.175 | 1.543 | 29.695 |
| 2017 | 4.140 | 5.694 | 6.960 | 6.430 | 3.810 | 2.992 | 30.076 |
| 2018 | 2.248 | 4.906 | 6.136 | 4.972 | 3.910 | 2.693 | 24.865 |
| 2019 | 5.168 | 6.181 | 7.860 | 6.080 | 3.463 | 5.253 | 30.005 |



## Skýrsla GKG 65+ fyrir árið 2019

Í Öldunganefnd voru Átli Ágústsson, Randver Ármannsson, Örn Ásmundsson, Svandís Bjranadóttir og Hrefna Sigurðardóttir formaður.
Eftir áramótin héldum við 4 mót í golfhermunum og var fyrsta mótið 4. janúar. Uppselt var í öll mótin og fórum við einnig í hermana frammi til að allir gætu tekið þátt. Þetta var mjög skemmtilegt og gaman að sjá hvað konur voru duglegar að mæta.
Sumardagskráin var tilbún í mars og voru 7 mót á dagskrá frá maí til september.
15. maí mættu 26 í æfingamót á Mýrinni. 5. júní mættu 45 í mót á Leirdalnum. 26. júní mættu 31 í mót í Grindavík. 17. júlí nættu 40 í mót á Mýrinni. 6. ágúst mættu 40í mót á Leirdalnum. 13. ágúst mættu 36 í mót á Akranesi.
11. september var svo lokamótið, en þá spiluðum við 9 holur á Mýrinni, 2ja manna Texas Scramble. Þátttaka var mjög góð og mættu 62 til leiks.
Að loknu mótinu voru afhent verðlaun fyrir mótin í sumar og snæddur kvöldverður. Þá var Erni Ásmundssyni afhernt golfúr sem þakklætisvott fyrir þá fallegu gripi sem hann hefur gefið okkur nú í nokkur ár og þökkum við honum kærlega fyrir það allt. Að lokum var dregið úr skorkortum og þar voru margar fallegar gjafir sem okkur hafði verið gefið. Öllum þeim aðilum færum við bestu þakkir fyrir.
Til gamans má segja frá því að í fyrsta mót sumarsins mættu 6 konur og í lokamótið mættu 18 konur. Vel gert konur.
Mótagjaldið í sumnar var kr. 1.000 og munum við afhenda framkvæmdarstjóra hagnað að fjárhæð kr. 225.000 sem verja skal til barna- og unglingastarfs GKG.
Við höfum tekið frá tíma eftir áramótin fyrir 4 mót í golfhermunum, sem verða annan miðvikudag í mánuði frá kl. 9:00 til 12:00. Fyrsta mótið er 8. Jan. 2020
Við þökkum framkvæmdarstjóra okkar Agnari Má Jónssyni og starfsfólki klúbbsins fyrir frábært samstarf og stuðning á árinu. Starfsfólk Mulligan fær einnig kærar þakkir fyrir gott samstarf og frábæra þjónustu.

Fyrir hönd nefndarinnar
Hrefna Sigurðardóttir formaður.




HVER SEM ÍÞRÓTTIN ER, MARKMIÐIÐ ER ALLTAF AÐ VERÐA BETRI.
HLEÐSLA ER ÍÞRÓTTADRYKKUR ÚR NÁTTÚRULEGUM ÍSLENSKUM HÁGÆÐAPRÓTEINUM SEM BYGGIR UPP VÖÐVANA.
MEIRI ÁTÖK. MEIRI HLEÐSLA. MEIRI ÁRANGUR.

HLEDSLA.IS



## Skýrsla Vallarstjóra 2019

Vellirnir komu nokkuð vel undan frekar mildum vetri í ár. Við opnuðum vellina þann 1. maí og lokuðum aftur 22. október. Þetta gerir golftímabil hjá okkur í GKG upp á 175 daga sem er 11 dögum lengra en árið áður. Óhætt er að segja að sumarið hafi skartaði sínu fegursta í ár og allt annað en árið á undan þar sem ringdi endalaust.

Allt gras kom undan vetri án kalskemmda sem er gott miðað við undanfarin ár og þurftum við aldrei að moka snjó eða brjóta klaka af flötum. Í sumar vorum við að bregðast við hlutum sem við höfum ekki séð í all nokkur ár en það byrjuðu að koma þurka blettir á hinum ýmsu stöðum. Reynt var að bregðast við því þar sem það var hægt með vökvun. Þetta hafði ekki áhrif þar sem við höfum vökvunarkerfi sem er í flötum og teigum vallarins. Þó kom það í ljós í sumar að vökvunarkerfið hefur ekki haft mikið að gera undanfarin ár að það var farið að stirðna og var gert við það jafnóðum. Miðað við úrkomu undanfarna ára þá telur undirritaður að þessir þurkablettir sem við fengum í sumar vera lúxus vandamál enda náðu þeir flestir að jafna sig þegar leið á sumarið.

Við erum enn að vinna eftir aðgerðarplaninu okkar með flatirnar, og teljum við að við séum á réttri leið með þær. Við erum að fylgjast með hvað er að gerast í flötunum með sýnatöku sem fer erlendis til greiningar svo mælum við afklippur úr hverjum slætti til að fylgjast með vaxtahraða og getum þá brugðist við með auknum áburðargjöfum ef þarf. Við erum líka að vinna með vatnsmiðlunarefni og vaxtastjórnunarefni í flötum vallarins.

## Framkvæmdir

Veturinn var okkur hliðhollur þegar litið er til framkvæmda við völlinn, það var auð jörð fram í miðjan janúar og því hægt að vera á fullu í framkvæmdum. Þar sem við vorum bara þrír að vinna í vellinum sjálfum og vorið kom frekar hratt inn þá náðum við ekki að vera tilbúnir með allt þegar við opnuðum völlinn en það var aðeins liðið inn í sumarið þegar það kláraðist.

Hér má sjá helstu verkefni ársins sem við flokkum sem stærri verkefni:

- Tveir nýir teigar á 7. braut Leirdalsvallar. Þetta eru teigar 52 og 47.
- Einn nýr teigur á 16. braut Leirdalsvallar. Þetta er teigur 47.
- Tröppur upp á teig 54 á 5. braut á Leirdalsvelli.
- Tröppur upp á teig 54 á 7. braut á Leirdalsvelli.
- Tröppur upp á teig 54 á 8. braut á Leirdalsvelli.
- Tröppur upp á teig 54 á 12. braut á Leirdalsvelli.
- Dren með niðurfalli í gegnum 7 braut á Leirdalsvelli.
- Kláraður voru drenlagnir í 10 brautinni og einnig sett drenlögn inn í glompuna hægra megin við 10. flötina á Leirdalsvelli.
- Lagað svæði yfir röri á 16. braut á leirdalsvelli.
- Töluverð grisjun tráa hér og þar.
- Svæðið vinstramegin við stíginn á 4. braut á Leirdalsvelli lagað og tyrft í samvinnu við Kópavogsbæ, einnig voru gerð fjögur trábeð sem gróðursett var í í samráði við sérfræðinga.
- Breytingar á vatnslögn yfir æfingasvæðið vegna byggingar Garðabæjar á knatthúsinu.
- Breytingar á úti æfingasvæði GKG voru að miklu leiti unnar af vallarstarfsmönnum.
- Lögð ný vatnslögn að 9. flöt á Mýrinni vegna framkvæmda við viðbyggingu á Íþróttamiðstöð GKG.

Eins og sjá má hefur ýmislegt áunnist á árinu og er allt af því sem nefnt er hér lokið. Á nýju ári höfum við hug á ýmsum framkvæmdum þar sem golfvöllur er mjög svo lifandi staður og alltaf pláss fyrir bætingu.

## Vélakostur

Á árinu keyptum við nýjan flatarvaltara sem er töluvert öflugri en sá gamli og felst það aðallega í breiddinni á honum og er því fljótari yfir hverja flöt sem sparar mikin tíma í völtun. Þá var keyptum við notaða glompuröku af öðrum golfklúbbi og erum við því með tvær í dag sem eykur verulega afköst í glompu umhirðu.



Einnig var keyptur bíll fyrir verkstæðið og þá þjónustu sem við höfum þar. Það er klárt mál að vélakostur okkar er eitthvað að skána en þó er töluvert í land með að við náum að halda uppi eðlilegri endurnýjun á vélum hjá okkur og vantar þar fjármagn. Til að setja hlutina í samhengi þá er USGA búið að gefa út hvað vél eins og til dæmis brautarvélarnar okkar sem eru keyrða um 3800 tíma eru keyrðar í kílómetrum, 3800 tímar jafngilda að það sé búið að keyra vélina 471.200 km. Flestir væru búnir að endurnýja bílinn sinn vel áður en nær þessari tölu.
Vonandi er stutt í að við getum farið að taka verulega til í vélakostinum okkar því við vitum að það skiptir sköpum í viðhaldi golfvalla.



## Starfsmannahald

Fjórir heilsársstarfsmenn eru á vallasvið GKG: Guðmundur Árni Gunnarsson vallarstjóri, Guðni Þorsteinn Guðjónsson aðstoðarvallarstjóri, Hafsteinn Eyvindsson verkstæðisformaður og Andrés I Guðmundsson yfirsnyrtipinni og þúsundþjalasmiður.
Þegar mest var á vellinum í sumar voru 22 vallarstarfsmenn að vinna á vellinum og ber að þakka þeim fyrir frábært framlag til vallarins. Næstkomandi sumar eru uppi hugmyndir um að ráða inn 3 til 4 sem geta byrjað að vinna í byrjun apríl og verið lengur inn í haustið með okkur. Þetta gerir það að verkum að við getum verið meira tilbúnir með völlinn þegar hann opnar á vorin og svo byrjað á framkvæmdum fyrr á haustin, þetta er nauðsynlegt því það er afar erfitt fyrir þrjá starfsmenn að koma öllu af stað að vori og vera líka að reyna að loka sárum eftir framkvæmdir.

## Lokaorð

Þegar maður sest niður í lok árs og hugsar til baka þá er margt sem kemur upp í hugann, ber þar líklega hæst þessi einmuna blíða sem var í sumar sem gerir alla svo glaða og jákvæða. En þegar maður hugsar til vallarins þá höfum við gert margt til að bæta völlinn og fegra og má þar nefna tröppur upp á fjóra teiga og lagfæringar í kringum þá sem ég held að hafi lukkast mjög vel og að kylfingar séu almennt sáttir við þá framkvæmd. Líka að hafa náð að klára loksins svæðið vinstramegin við 4. braut á Leirdalsvelli, það breytir ásýnd holunar til muna. Við ætlum að halda áfram tröppu þemað og þegar þetta er skrifað er byrjað að smíða þær hér innanhús og verða svo settar upp þegar aðstæður leyfa.
Þann 30. apríl var haldin hreinsunardagur hjá okkur og mættu um 70 manns og tóku til hendinni á ýmsum stöðum og ýmsum verkum, vallarstjóri vill þakka öllum kærlega sem lögðu hönd á plóg við að hjálpa okkur að koma vellinum af stað inn í vorið.
Framundan er spennandi ár hjá okkur í GKG þar sem verið er að byggja við Íþróttamiðstöðina okkar og þar munum við á vellinum koma að næsta sumar og gera nýja púttflöt þar sem sú gamla fer að mestu leiti undir framkvæmdir og höfum við hug á því að hafa hana eins stóra og mögulegt er. Í vor var tekið í gagnið nýtt úti æfingasvæði sem að ég held se nokkuð vel heppnað og ágætlega nýtt af kylfingum sem margir eru og voru að læra á þessa nýju tækni sem er þar í boði. Heldri borgararnir héldu áfram að sjá um svæðið og gerðu það með miklum sóma. Við munum reyna að koma því upp sem allra fyrst næsta vor svo kylfingar geti komist út og farið að sveifla kylfunni.
Að lokum vill ég þakka þeim Guðna, Hafsteini og Andrési fyrir samstarfið á árinu og líka vill ég þakka framkvæmdarstjóra, stjórn GKG fyrir samstarfið á árinu.

Guðmundur Árni Gunnarsson
Vallarstjóri GKG



GrasTec

Golfvellir og knattspyrnuvellir um allt land nota vörur frá GrasTec ehf. til uppbyggingar grassvæða og viðhalds þeirra
Hjá GrasTec færðu vörur frá framleiðendum í fremstu röð á sínu sviði þar sem áratuga vöruþróun skilar sér í vörugæðum

Aquatrols BARENBRUG everris.

**Sími 895 6226 – grastec@simnet.is**




## Stuðlum að sjálfbæru samfélagi

Sérfræðingar okkar búa að áratugalangri reynslu á öllum sviðum skipulags-, leyfis- og umhverfismála, húsbygginga, samgöngumannvirkja og rannsókna. Við bjóðum ráðgjöf á sviði sjálfbærni og innivistar og leitumst við að lágmarka áhrif á umhverfi og samfélag.

MANNVIT



## Vallarnefnd GKG 2019

Vallarnefnd er ein af leiðum félagsmanna til að hafa áhrif á framkvæmdir og umhirðu golfsvæðis GKG. Vallarnefnd heldur reglulega fundi með vallarstjóra GKG þar sem m.a. verkefnum er forgangsraðað en auk þess fundar hún aukalega þegar vinna þarf úr ákveðnum verkefnum eða veita álit.

**Vallarnefnd GKG 2019:**
**Björgvin Smári Kristjánsson**
**Einar Þorsteinsson**
**Elísabet Böðvarsdóttir**
**Guðmundur Á. Gunnarsson**
**Guðni Þorsteinn Guðjónsson**
**Sigurður Kr. Egilsson**
**Sigurfinnur Sigurjónsson**

Farið var í töluverðar framkvæmdir um veturinn 2018/2019 með það markmiði að auka jákvæða upplifun golfarans á vellinum. Meðal annars var farið í umfangsmiklar dren framkvæmdir í Leirdal á 6. og 10. braut en 6. braut hefur á rigningardögum verið á floti á nokkrum svæðum. Haldið var áfram að stytta völlinn með því að færa fremstu teiga framar á 7. og 16. braut í Leirdal. Tröppur voru settar við fjölda teiga, fyrst og fremst til að verjast átroðningi og koma í veg fyrir moldarflög. Völlurinn opnaði óvenju snemma vorið 2019, sem olli því að fámennt starfslið á vorin fór nokkrum vikum fyrr í almenna umhirðu á vellinum. Æskilegt er að auka fjölda starfsmanna á vorin og haustin, til að tryggja að öllum framkvæmdum sé lokið fyrir sumarvertíðina og starfsmenn geti einbeitt sér að bættri umhirðu á vellinum.
Í samræmi við áherslu vallarnefndar um aðgerðir til að bæta upplifun golfarans var farið í úttekt á heildarupplifun golfarans í samstarfi við Capacent, allt frá því þegar hann beygir inn heimreiðina að golfskálanum og endar í mat í Mulligan eftir 9/18 holu golfhring ( e.customer journey). Var m.a. farið í rýnisvinnu með mismunandi hópum innan GKG, sem skipt var eftir kyni og aldri. Upplifun þarf að vera samfelld og samræmd, og eitt af markmiðum er að búa til „Instagram moment“ á vellinum. Í framhaldi af þessari vinnu og frekari stefnumótun vinnur vallarnefnd nú með „holtagrjótaþema“ í gegnum allan völlinn, sem og markmið um að „gera völlinn eldri“ en hann er. Í samræmi við það er nú áhersla að klára veglegt skilti við heimreiðina að golfskálanum sem tekur á móti kylfingnum og er í samræmið við heildarupplifun sem við viljum ná fram á vellinum. Fleiri verkefni í samræmi við þessar áherslur er að vænta á komandi misserum, en jákvæð upplifun golfarans er ein dýrmætasta eign hvers golfklúbbs.
Á ársfundi félagsins 2017 var kynnt áætlun um að koma grínum á vellinum í fremstu röð, en á því herrans ári lék „póan“ grínin illa. Þessu verkefni lýkur ekki á einu sumri en mikill árangur hefur náðst í því starfi hjá vallarstarfsmönnum. Vellirnir í sumar voru almennt í sínu besta formi um langt skeið og því ber að fagna. Mörg spennandi verkefni eru framundan, mörg hver með það markmið að bæta og samræma heildarupplifun golfarans á komandi árum.
Vallarnefnd þakkar vallarstjóra og starfsmönnum fyrir ánægjulegt samstarf.

Sigurður Kr. Egilsson,
formaður vallarnefndar.

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur GKG og markmið eru skv. lögum hans að glæða og viðhalda áhuga á golfíþróttinni.

Á rekstrarárinu voru tekjur umfram gjöld 0,9 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Á rekstrarárinu störfuðu 17 starfsmenn hjá klúbbnum. Eigið fé klúbbsins í lok rekstrarársins nam 317,9 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar staðfestir hér með ársreikning klúbbsins fyrir rekstrarárið 1. nóvember 2018 til 31. október 2019.

Garðabæ, 22. nóvember 2019

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar rekstrarárið 1. nóvember 2018 til 31. október 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu golfklúbbsins 31. október 2019 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á því reikningsári sem þá lauk, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð klúbbnum í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi klúbbsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa klúbbinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst mikil vissa en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits klúbbsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi klúbbsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert klúbbinn órekstrarhæfan.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 22. nóvember 2019

***KPMG ehf.***






Sund er dásamleg líkamsrækt, hvort sem þú vilt ná þér í holla hreyfingu, slökun og vellíðan í þægilegu umhverfi eða bara busla og skemmta þér! **Sundlaug Kópavogs** og **Salalaug** bjóða frábæra aðstöðu, vatnsrennibrautir og heita potta.

**Komdu í sund!**

**Sundlaug Kópavogs og Salalaug**

Opið
virka daga 06:30–22:00
um helgar 08:00–18:00

**Sundlaugar Kópavogs**

kopavogur.is

# Rekstraryfirlit
# 1. nóvember 2018 til 31. október 2019

| | Skýr. | 1.11.-31.10. 2019 | 1.11.-31.10. 2018 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Félagsgjöld | 2 | 152.391.182 | 150.656.822 |
| Vallargjöld | | 14.666.910 | 9.096.464 |
| Leigutekjur | | 30.094.933 | 28.063.607 |
| Tekjur af golfmótum | | 17.161.195 | 13.557.301 |
| Rekstrarframlög og fyrirtækjasamningar | | 33.850.439 | 32.407.157 |
| Sértekjur íþróttasviðs | | 22.815.660 | 24.750.815 |
| Vörusala | | 17.116.137 | 16.641.293 |
| Aðrar rekstrartekjur | 12 | 5.898.440 | 3.241.114 |
| | | 293.994.896 | 278.414.573 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 13 | 166.853.055 | 157.666.302 |
| Íþróttamiðstöð og áhaldahús | 14 | 17.328.782 | 16.969.484 |
| Golfvöllur og æfingasvæði | 15 | 19.561.131 | 22.150.972 |
| Keppnisgolf, mótahald og kennsla | 16 | 17.529.277 | 16.257.825 |
| Gjöld til GSÍ | | 7.815.000 | 7.996.000 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | 14.168.606 | 15.060.069 |
| Annar rekstrarkostnaður | 17 | 14.391.577 | 13.444.370 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 3,7 | 17.615.876 | 19.393.549 |
| | | 275.263.304 | 268.938.571 |
| **Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld** | | 18.731.592 | 9.476.002 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 1.422.854 | 1.747.369 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | ( 19.274.004) | ( 16.919.448) |
| | | ( 17.851.150) | ( 15.172.079) |
| **Tekjur umfram gjöld (gjöld umfram tekjur)** | 8 | 880.442 | ( 5.696.077) |

# Efnahagsreikningur 31. október 2019

| | Skýr. | 31.10.2019 | 31.10.2018 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Golfvöllur | | 224.063.159 | 224.063.159 |
| Íþróttamiðstöð og áhaldahús | | 139.684.448 | 141.205.604 |
| Bifreiðastæði og umhverfi | | 50.330.607 | 50.330.607 |
| Vélar, tæki og áhöld | | 67.526.279 | 73.221.555 |
| Fastafjármunir samtals | 3,7 | 481.604.493 | 488.820.925 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | 4 | 4.361.602 | 3.824.498 |
| Viðskiptakröfur | 5 | 9.089.173 | 6.039.811 |
| Næsta árs afborgun langtímakrafna | | 0 | 94.141.452 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 232.155 | 232.155 |
| Handbært fé | | 3.235.913 | 19.206 |
| Veltufjármunir samtals | | 16.918.843 | 104.257.122 |
| **Eignir samtals** | | 498.523.336 | 593.078.047 |
| **Eigið fé** | | | |
| Eigið fé | | 317.889.866 | 317.009.424 |
| Eigið fé | 8 | 317.889.866 | 317.009.424 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 9 | 133.752.398 | 133.815.057 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 0 | 23.121.650 |
| Viðskiptaskuldir | | 13.845.656 | 7.219.093 |
| Næsta árs afborgun langtímaskulda | 10 | 18.945.544 | 99.458.225 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 14.089.872 | 12.454.598 |
| | | 46.881.072 | 142.253.566 |
| Skuldir samtals | | 180.633.470 | 276.068.623 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 498.523.336 | 593.078.047 |

# Sjóðstreymisyfirlit
# 1. nóvember 2018 til 31. október 2019

| | Skýr. | 1.11.-31.10. 2019 | 1.11.-31.10. 2018 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Tekjur umfram gjöld (gjöld umfram tekjur) | 8 | 880.442 | ( 5.696.077) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Verðbætur langtímalána | | 4.903.218 | 2.575.470 |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna | | ( 1.295.338) | ( 1.400.799) |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 3,7 | 17.615.876 | 19.393.549 |
| Veltufé frá rekstri | | 22.104.198 | 14.872.143 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Vörubirgðir, hækkun | | ( 537.104) | ( 66.235) |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun | | ( 3.049.364) | 1.172.750 |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | 8.261.834 | ( 5.785.015) |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | 4.675.366 | ( 4.678.500) |
| Handbært fé frá rekstri | | 26.779.564 | 10.193.643 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Kaupverð rekstrarfjármuna | 7 | ( 10.839.107) | ( 32.106.417) |
| Mótframlag sveitarfélaga samkvæmt samkomulagi | | 94.141.452 | 93.771.524 |
| Söluverð rekstrarfjármuna | | 1.735.000 | 2.560.000 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | 85.037.345 | 64.225.107 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tekin ný langtímalán | | 21.617.742 | 0 |
| Afborgun langtímalána | | ( 107.096.294) | ( 101.532.208) |
| Skuldir við lánastofnanir, breyting | | ( 23.121.650) | 23.121.650 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 108.600.202) | ( 78.410.558) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 3.216.707 | ( 3.991.808) |
| **Handbært fé í byrjun rekstrarársins** | | 19.206 | 4.011.014 |
| **Handbært fé í lok rekstrarársins** | | 3.235.913 | 19.206 |

# Velkomin í Landsbankann

Það tekur aðeins örfáar mínútur að gerast viðskiptavinur Landsbankans í appinu eða á vefnum.




DÓMARI




Titleist














LEXUS RX
450h Í NÝRRI
ÚTFÆRSLU
ハイブリッド
HYBRID
Lexus RX 450h er lipur og sjálfhlaðandi fjórhjóladrifinn sportjeppi þar sem allt er fyrsta flokks. Útlitið er einstakt, enda hönnunin og hugmyndafræðin sótt í japanska handverkssögu.
Sjálfhlaðandi japönsk tækni
RX 450h SPORTJEPPI — FRÁ 11.950.000 KR
LEXUS RX
Lexus-Ísland
Kauptúni 6, Garðabæ — lexus.is
LEXUS
EXPERIENCE AMAZING

# KLÚBBMEISTARAR GKG 2019

## Ragnar Már Garðarsson Anna Júlía Ólafsdóttir



# *Ást við fyrstu sýn*

Egils




*Egils Malt og Appelsín*


TM
„Þetta er of einfalt til þess að fresta þessu.“
NÝIR TÍMAR Í TRYGGINGUM
Þú getur gengið frá tryggingunum á vefnum með rafrænum ráðgjafa okkar á fljótlegan og öruggan hátt. Engin símtöl, engin bið.
SJÁÐU ÞITT VERÐ Á TM.IS